

ARNGRÍMUR VÍDALÍN

„ER ÞAT ILLT, AT ÞÚ VILT ELSKA TRÖLL ÞAT“

Hið sögulega samhengi jöðrunar í Hrafnistumannasögum¹

1. Skilgreiningar

Tröll

Þegar rannsaka á tröll í fornaldarsögum þá þarf að byrja á því að komast að því hvað tröll er, altént í því samhengi sem skoða á tröllið í.² Hér á ég við að almenn skilgreining á trölli á ekki endilega erindi við það efni sem rannsaka á. Tröll í þjóðsögum Jóns Árnasonar eru ekki sömu tröll og tröll fornaldarsagna. Tröll Íslendingasagna eru ekki nauðsynlega sömu tröll heldur. Og raunar er ekki víst að orðið ‚tröll‘ vísi alltaf í sams konar skepnu innan þeirra sagna sem saman eru nefndar fornaldarsögur. Jafnvel innan sömu sögu gæti orðið verið notað á margvíslegan hátt sem fæli í sér ólíka

- 1 Þessi grein er að hluta til unnin upp úr erindi sem ég flutti á Hugvísindafingi 2013 sem nefndist „Skrímshin á jadrinum“ og var nokkurs konar stöðuskýrsla úr doktorsverkefni mínu um ófreskjuna í heimsmynd Íslendinga á miðöldum. Doktorsverkefni mitt er hluti af hinu stærra rannsóknarverkefni *Tekist á við yfirnáttúruna á Íslandi á miðöldum* sem styrkt er af Rannis. Verkefnisstjóri og leiðbeinandi minn Ármann Jakobsson fær sérstakar þakkir fyrir ýmislegar gagnlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka kærlega Aðalheiði Guðmundsdóttur og Daniel Sävborg fyrir yfirlæstur. Guðrún Ingólfssdóttir fær þakkir mínar sömuleiðis fyrir sérlega gagnlega ábendingu utan úr sal þegar upprunalega erindið var flutt.
- 2 Ítarlegustu rannsóknir á tröllum í íslenskum miðaldaheimildum má einkum finna hjá Ármanni Jakobssyni, „Hvað er tröll? Galdrar, tröllskapur og samfélagsóvinir,“ í *Galdramenn: Galdrar og samfélag á miðöldum*, ritstj. Torfi H. Tulinius (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), 95–119. Sjá einnig Ármann Jakobsson, „The Good, the Bad and the Ugly: Bárðar saga and its Giants,“ í *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature: Sagas and the British Isles. Preprint Papers of the 13th International Saga Conference Durham and York, 6th–12th August, 2006*, ritstj. John McKinnell et al. (Durham: Durham University, 2006), 54–62; Ármann Jakobsson, „The Trollish Acts of Þorgrímur the Witch: The Meanings of Troll and Ergi in Medieval Iceland,“ *Saga-Book 32* (2008): 39–68; Ármann Jakobsson, „Identifying the Ogre: The Legendary Saga Giants,“ í *Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Nordurlanda*, ritstj. Agneta Ney et al. (Kaupmannahöfn: Museum Tusulanums Forlag, 2009), 181–200.

merkingu eftir því hvaða tröll ætti í hlut hverju sinni. Eðli eins trölls getur jafnvel breyst í einni sviphendingu innan sömu frásagnar og í ýmsum tilvikum er alls ekki ljóst hvar skilin liggja á milli trölls og manns.³

Í grein sinni „Hvað er tröll?“ nefnir Ármann Jakobsson sautján ólíka þætti orðsins tröll og er listinn þó ekki tæmandi. Of langt mál er að nefna þá alla en lýsandi dæmi má taka. Til að mynda getur tröll verið samheiti við „jötun“ eða „bergbúa“; það getur verið notað til að lýsa miklu afli, styrk og stærð; það getur átt við fjölkynngi, illa anda eða drauga, jafnvel hamskipti og berserki; tröll eru framandi, og svo mætti lengi áfram telja.⁴ Bráðabirgðaniðurstaða Ármanns er að ef til vill séu tröll andstaða við það sem er komið frá Guði, „allt sem er ókunnugt og framandi og ómennskt“,⁵ og það skýrir hvernig orðið tröll má hafa jafnt yfir goðsögulega úlfa, óða nautgripi, útlaga, risa og svo framvegis.

Þess vegna verður ekki komist að skilgreiningu á „tröllum“ fornaldarsagna nema *post hoc*, það er að segja: rannsóknin sjálf getur ein leitt af sér skilgreininguna. Einnig þarf að styðjast við einhverja skilgreiningu á fornaldarsögum, að minnsta kosti ef rannsóknarefnið er á einhvern hátt afmarkað við fornaldarsögur eða ef rannsakandinn nálgast fornaldarsögur sem bókmenntagrein.

Fornaldarsögur

Ekki eru fræðimenn á eitt sáttir um hvernig beri að nálgast fornaldarsögur, eða um hvort það regnhlífarhugtak eigi sjálft nokkurn rétt á sér, en sú umræða er raunar ærið viðamikil. Dæmi um það er ágæt og yfirgripsmikil umræða hjá Stephen A. Mitchell í bók hans um fornaldarsögur, *Heroic Sagas and Ballads* frá 1991.⁶ Hér verður því stiklað á stóru og lesendur beðnir að taka viljann fyrir verkið.

Í nýlegu grundvallarriti um fornaldarsögur, *The Legendary Sagas: Origins and Development*, er ekki mikið þjarkað um hugtakið sem slíkt, en þess

3 Gott dæmi um hvorttveggja er tröllið ógurlega sem kemur til hirðar konungs í *Hrólfs sögu Gautrekssonar*, en reynist þegar að er gáð vera Þórir járnskjöldur, og hættir þá að vera tröll (sbr. Ármann Jakobsson, „Identifying the Ogre“, 192–3). Grettir Ásmundarson er dæmi um persónu sem bæði er tröllabani en hefur þó sterk tengsl við tröll og er ítrekað brigslað um að vera tröll.

4 Ármann Jakobsson, „Hvað er tröll?“ 105–10.

5 Sama rit, 111.

6 Stephen A. Mitchell, *Heroic Sagas and Ballads*, Myth and Poetics (Íþöku: Cornell University Press, 1991), 8–43.

í stað er fjallað um uppruna og eðli fornaldarsagna á breiðum grundvelli.⁷ Ljóst er engu að síður að hugtakið er eins umdeilt nú og það hefur nokkru sinni verið. Af umræðum á fornaldarsagnaþingi í ágúst 2005 að dæma, sem síðar voru birtar í *Viking and Medieval Scandinavia*, er enn ekki samhljómur um það innan fræðanna á hvaða forsendum megi telja fornaldarsögur vera eiginlega bókmenntagrein (svo sem sakir hefðar, mögulegs uppruna þeirra í latneskri lærdómshefð, sameiginlegs uppruna þeirra í munnlegri hefð, formlegra einkenna) eða hvort það væri yfirleitt hægt að telja þær til einnar greinar, hvort þær tilheyrðu jafnvel öðrum bókmenntagreinum sakir innbyrðis ólíkra formlegra einkenna sinna.⁸

Í doktorsritgerð sinni *La Matière du Nord*⁹ byrjar Torfi H. Tulinius á að draga upp mynd af því sem mætti nefna lágmarkseinkenni fornaldarsagna: Hetjur þeirra eru frá Skandinavíu eða eru tengdar Skandinavíu á einhvern hátt. Þetta segir Torfi að aðgreini fornaldarsögur frá riddarasögum; þær fyrrnefndu spretti upp úr frásagnarhefð sem er eldri en þær sjálfar og að sumu leyti sameiginleg öllu norrænu fólki, en þar á hann við svonefnd „hetjukvæði“ eddukvæðanna.¹⁰ Auk þess sækir þær mikið til eldri bókmennta sem fjalla um elstu konungsveldi Skandinavíu. Sérhver fornaldarsaga er að meira eða minna leyti háð þessari hefð og Torfi telur það gagnlegt að aðgreina þær út frá því hvað þær fá að láni frá henni.¹¹

7 Sjá sérstaklega Annette Lassen, „Origines Gentium and the Learned Origin of Fornaldarsögur Norðurlanda“ og Aðalheiði Guðmundsdóttur, „The Origin and Development of the Fornaldarsögur as Illustrated by Völsunga saga,“ í *The Legendary Sagas: Origins and Development*, ritstj. Annette Lassen et al. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012), 33–58 og 59–81.

8 Judy Quinn et al., „Interrogating Genre in the Fornaldarsögur: A Roundtable Discussion,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 2 (2006): 275–96. Um fornaldarsögur og latínulærdóm sérstaklega, sjá Gottskálf Jenson, „Were the Earliest Fornaldarsögur Written in Latin?“ í *Fornaldarsagaerne*, 79–91. Undir sjónarmið Gottskálks tekur Annette Lassen, „Origines Gentium,“ 33–4.

9 Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland*, þýð. Randi C. Eldevik, The Viking Collection, 13. b. (Óðinsvéum: Odense University Press, 2002).

10 Sú flokkun er raunar ekki síður umdeild, líkt og kom fram á ráðstefnunni *Interpreting Eddic Poetry* sem haldin var í St. John's College í Oxford, 4.–6. júlí 2013 og skipulögð af Carolyne Larrington og Judy Quinn.

11 Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 19–20. Hér er vert að nefna að þær sögur sem hér eru til umfjöllunar, Hrafnistumannasögur, tilheyra ekki þeim flokki fornaldarsagna sem Torfi einblínir á í ritgerð sinni, að undanskilinni *Órvar-Odds sögu* þar sem hún liggur við þróunarleg mörk þess hóps sagna sem Torfi tekur til skoðunar.

Torfi tekur fram að um uppruna fornaldarsagna hefur verið deilt í meira en öld, og kemst nokkuð skemmtilega að orði þegar hann greinir deiluaðila í tvennt: þá sem fínkempa textana í leit að öllu sem stutt geti kenninguna um munnlega hefð, og aftur þá sem velta upp öllum steinum í nákvæmlega sömu textum í leit að öllu sem talist geti til lærdra áhrifa vestur-kristinnar menningar.¹² Torfi hefur síðar ítrekað skoðun sína á gagnsemi lágmarks-skýringa og lagt til skilgreininguna „*Fornaldarsögur* are the sagas that C.C. Rafn published under this blanket title“ sem honum þykir vel vera fullnægjandi,¹³ og sannarlega eru slíkar skilgreiningar gagnlegar til að einfalda okkur umræðu um flókin efni.

Í áðurnefndri bók sinni *Heroic Sagas and Ballads* endar Stephen A. Mitchell á því að verja fornaldarsagnaflokkinn og leggur til aðferð til greiningar á þeim sem tekur til sex sagnaflokka sem skilgreindir eru eftir því hversu hefðbundnar eða óhefðbundnar sögurnar eru (e. *more traditional, less traditional*) og hversu sagnfræðilegar eða skáldaðar þær eru (e. *factual, fabulous*),¹⁴ en viðurkennir að vísu fúslega að sjálft hugtakið „fornaldarsögur“ sé nútímahugtak. Hann viðurkennir einnig að engum hafi nokkru sinni tekist að benda á nákvæmlega hvaða *formlegu* einkenni greina fornaldarsögur frá öðrum flokkum sagna.¹⁵ Nú virðist mér sem ríflega hundrað ár af tilraunum til að setja fram ásættanlega skilgreiningu á fornaldarsögum,¹⁶ án þess að nokkrum hafi tekist það, sé ekki sérlega góð vísbending um að það sé gagnlegt að halda áfram. Skortur á áþreifanlegum formlegum einkennum veldur því að enn er umdeilanlegt hvort þessi flokkur sagna er í strangasta skilningi til. Það eru sannarlega þættir sem binda sögurnar saman líkt og fræðimenn hafa bent á,¹⁷ sameiginleg minni og þemu, en það er einnig margt sem bindur þær við aðrar „gerðir“ sagna sem mælir ekki síður með því að við lítum á íslenskar miðaldabókmenntir heildstætt. Það kemur ekki síst til af því að þeir sem festu bókmenntirnar niður á bókfell

12 Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 44.

13 Quinn et al., „Interrogating Genre,” 279.

14 Mitchell, *Heroic Sagas and Ballads*, 16–18.

15 Mitchell, *Heroic Sagas and Ballads*, 13–24.

16 Nákvæmlega hundrað ár ef við miðum við Birger Nerman, *Studier över Sväriges hedna litteratur* (Uppsöllum: K.W. Appelbergs boktryckeri, 1913).

17 Fyrir utan þau sem áður hafa verið nefnd, sjá t.a.m. fróðlega umfjöllun hjá Adalheiði Guðmundsdóttur í *Úlfhams saga*, útg. Adalheiður Guðmundsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rit, 53. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001), cliv–clxi.

þekktu ekki þær bókmenntagreinar sem fræðimenn nú deila um, en hafi þeir á hinn bóginn haft tilfinningu fyrir því að þeir rituðu þær ólíku greinar bókmennta sem við ætlum þeim er dagljóst að þær greinar hafa verið með öllu fljótandi, en ekki svo skorðaðar sem hin fræðilegu flokkunarkerfi eiga til að vera.

Af ofangreindu má skilja að ég er hallur undir þá skoðun að fornaldarsögur séu ekki eiginleg bókmenntagrein, að svo miklu leyti sem sú grein er talin útilokandi eða ósamstæð öðrum íslenskum miðaldasögum. Því get ég hæglega fallist á skilgreiningu Torfa: Fornaldarsögur eru þær sögur sem C.C. Rafn gaf út undir því heiti. Á hinn bóginn þarf lítið mark að taka á þeirri samsetningu við greiningu eða þegar leggja þarf mat á heimildargildi þeirra. Það er hægt, en það eru vissulega til aðrar, fáfarnari leiðir. Carl Phelpstead rekur í grein sinni „Adventure-Time in Yngvars saga víðförla“ einu þekktu dæmin þar sem íslenskar miðaldasögur eru flokkaðar og tekur sérstaklega fram að þeir flokkar eigi fátt sammerkt með nútímaskilgreiningum á sömu flokkum.¹⁸ Konungasögur eru nefndar fjórum sinnum í handritum frá fjórtánda og fram á átjándu öld, riddarasögur þrisvar. Þegar vísað er til „Íslendinga sögu“ þá er átt við samnefnt rit sem jafnan er eignað Sturlu Þórðarsyni. Íslendingasögur, byskupasögur og fornaldarsögur eru allt hugtök sem voru framandi þeim sem skrifuðu þær sögur sem nútíldags heyra undir samnefnda flokka.¹⁹ Þá hefur Terje Spurkland sýnt fram á að aðrar bókmenntagreinar sem nefndar eru í miðaldaheimildunum sjálfum, „lygisögur“, „skröksögur“ og „stjúpmæðrasögur“, eru alls ekki bókmenntagreinar heldur.²⁰

Lars Lönnroth hefur áður bent á að eigi á annað borð að styðjast við skilgreiningar á ólíkum gerðum sagna þá þurfi þær skilgreiningar að byggjast á formlegum einkennum þeirra en ekki yfirborðslegum, líkt og skilgreining Rafns á fornaldarsögum óneitanlega gerir. Á hinn bóginn er erfitt að fjalla um þessar sögur án þess að almennum hugtökum sé beitt

18 Sigurður Nordal er meðal þeirra sem hafa bent á þetta. Sjá Sigurð Nordal, „Sagalitteraturen“, í *Nordisk kultur*, 8. b., B, *Litteraturhistoria. B: Norge og Island* (Stokkhólmi., Albert Bonnier, 1953), 191–93.

19 Carl Phelpstead, „Adventure-Time in Yngvars saga víðförla“, í *Fornaldarsagaerne*, 332 (nmgr. 3).

20 Terje Spurkland, „Lygisögur, skröksögur and stjúpmæðrasögur“, í *The Legendary Sagas*, 173–184.

og það benda bæði Lönnroth og Ármann Jakobsson á.²¹ Þar sem slíkum hugtökum er beitt í þessari ritsmíð þá er það gert með þeim fyrirvörum sem hér hafa verið settir, og þær „fornaldarsögur“ sem hér eru teknar til umfjöllunar eru skoðaðar ekki með tilliti til þess sem sameinar þær í einn flokk, heldur hvort rekja megi í þeim þræði sem ekki endilega tilheyra almennri flokkun heldur ríkjandi heimsmynd þess tíma þegar þær voru festar á bókfell.²²

2. Heimsmynd

Hvað er þá heimsmynd, eða öllu heldur: hver var hin ríkjandi heimsmynd kristinna á ritunartíma íslenskra sagna, frá tólftu fram undir fimmtánda öld? Sverrir Jakobsson segir að kjarninn í heimsmynd Íslendinga á miðöldum sé:

kristileg algildishygga, kaþólsk heimsmynd. Í henni fólst að trúin myndaði samfélag. Munur kristni og heiðni var mikilvægasti þátturinn til að aðgreina menn og skipa í flokk. Þessi flokkun virðist ráðandi í sögum sem gerast í fjarlægum löndum þótt hún hefði litla þýðingu innan íslensks samfélags. Samt sem áður voru Íslendingar svo háðir þessari heimsmynd að þeir áttu erfitt með að gera sér grein fyrir klofningi innan kristni, afneituðu honum nánast. Heiðingjar verða líka einsleitir hópur í íslenskum heimildum og eru allir settir undir sama hatt, óháð stað og stund.²³

Það er að sönnu fróðlegt að athuga samhengið sem birtist okkur í íslenskum miðaldaritum, hversu kaþólsk þau eru. *Veraldar saga* er saga heimsins frá

21 Lars Lönnroth, „The Concept of Genre in Saga Literature,“ *Scandinavian Studies* 47 (1975): 419–36; Quinn et al., „Interrogating Genre,“ 282–3. Joseph Harris andmælti skoðun Lönnroths á þeim forsendum að fræðimenn ættu að geta litið á slíka greinaflokkun miðaldabókmennta sem nútímahægindi þótt ekki væru þeir flokkar sögulegir, og þar með hefðu þeir fyrst og fremst hagnýtt gildi, sbr. Joseph Harris, „Genre in the Saga Literature: A Squib,“ *Scandinavian Studies* 47 (1975): 427–36.

22 Um heimsmynd hef ég fjallað í almennu máli í Arngrímur Vídalín, *The Supernatural in Íslendingasögur: A Theoretical Approach to Definition and Analysis* (Reykjavík: Tower Press, 2012), 17–52. Sú umræða byggir að nokkru leyti á rækilegri rannsókn Sverris Jakobssonar, *Við og veröldin: Heimsmynd Íslendinga 1100–1400* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005).

23 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 353.

sköpun Adams nánast fram undir ritunartíma bókarinnar, þótt afar hratt sé hlaupið yfir þá sögu. Fleiri slíkar veraldarsögur eru til varðveittar, svo sem handritið *AM 764 4to*.²⁴ *Stjórn* er Biblíuþýðing með þónokkrum málalengingum og viðbótum við upprunalega textann og hana mætti að sönnu telja til veraldarsagna; ekki aðeins fyrir það að hún deilir formlegum einkennum með veraldarsögum heldur einnig þar sem Biblían er í raun sjálf veraldarsaga, eða nánar tiltekið þjóðarsaga gyðinga af ætt Abrahams og grunnur allrar mannkynssögu á miðöldum. *Stjórn I* hefur flestar viðbætur við upphaflegt efni, *Stjórn II* er nákvæm þýðing á Vúlgötu, en *Stjórn III* hefur eitthvað af viðbótum.²⁵ Þessar viðbætur eru oftast frásagnir af merkisatburðum í heimssögunni, svo sem Trójustriði og sigrum Alexanders mikla. *Gyðinga saga* hefst þar sem ævi Alexanders mikla lýkur og sonarsonur hans, Anthiocus Magnus, „lagdi vndir sik. egipta land. ok gyðinga land“.²⁶ Heimslýsing *Hauksbókar* hefst á sköpun heimsins og mannkynið er þaðan rakið eftir hefðbundnum leiðum til samtímans, og mikilvægt er að undirstrika að allt fylgir þetta skýrt afmarkaðri hefð sem lítið ber út af á milli rita. *Edda Snorra Sturlusonar* hefst og á sköpun Adams og Evu en greinir svo frá því að mannfólkið „týndi Guðs nafni“ og þaðan er auðvelt að rekja heiðindóminn sem á eftir fylgir.²⁷ *Oddaannálar*, taldir ritaðir

24 Um *AM 764 4to* sjá Svanhildi Óskarsdóttur, *Universal History in Fourteenth-Century Iceland: Studies in AM 764 4to* (Doktorsritg., University of London, 2000).

25 Sjá t.d. Ian J. Kirby, *Biblical Quotation in Old Icelandic-Norwegian Religious Literature*, 2 b., Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit, 9.–10. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1976–80), 1:52.

26 *Gyðinga saga*, útg. Kirsten Wolf, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit, 42. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1995), 3. Svanhildur Óskarsdóttir hefur bent á að handritið *AM 226 fol.* sýnir berlega fram á að *Stjórn*, *Rómverja sögu*, *Alexanders sögu* og *Gyðinga sögu* var ætlað að mynda samfellda veraldarsögu: „Um aldir alda: Veraldarsögur miðalda og íslenskar aldartölur,“ *Ritið* 5 (2005): 127. Nánar um það hjá Sverri Jakobssyni, „Hin heilaga fortíð: Söguvitund og sameiginlegt minni í handritunum *Hauksbók* og *AM 226 fol.*“ *Ritið* 13 (2013): 147–64 (sjá sérstaklega 149–58).

27 *The Uppsala Edda: DG 11 4to*, útg. Heimir Pálsson, þýð. Anthony Faulkes (Lundúnur: Viking Society For Northern Research, 2012), 6. Nú er heldur ekki ný hugmynd að rík tengsl séu á milli *Snorra-Eddu* og alfræðiritunar (sem er nátengd veraldarsagnaritun), en þeim mun meiri ástæða til að gefa slíkum athugunum meiri gaum en verið hefur síðustu áratugi. Sjá t.d. Margaret Clunies Ross, *Skáldskaparmál: Snorri Sturluson's Ars Poetica and Medieval Theories of Language*, The Viking Collection, 4. b. (Óðinsvéum: Odense University Press, 1987), 151–73.

ekki fyrr en á sextánda öld í sinni varðveittu gerð,²⁸ fylgja sömu hefð²⁹ og *Oddverjaannáll* sem ekki er skrifaður síðar en 1591³⁰ tengir Ísland sömuleiðis við upphaf mannkyns og goðsagnakennda fornaldarsögu.³¹ Sama gildir um fjölmarga aðra annála.³² Svona mætti lengi áfram telja áður tæmdur væri brunnurinn.

Einhverjum kynni að koma það spáskt fyrir sjónir að Íslendingar skuli hafa haft þvílíkan áhuga á fornaldarsögu annarra þjóða að jafnvel í héraðsannálum hafi ekki þótt óeðlilegt að hefja frásögnina á sköpun heimsins eða valdatöku Juliusar Caesars, og nú er það auðvitað ekki svo að við sjáum nein sérstök tengsl milli stjórnmaláþróunar Rómarríkis og atburða í íslenskum innsveitum, og er hér til tvenns að taka: að annálar þessir eru annars vegar ritaðir af íslenskum lærdómsmönnum sem fylgdu eftir þeirri lærdómshefð sem þeim var kunnug, og að innan þeirrar hefðar hins vegar var mönnum ekki einasta tamt að finna heimsatburðum samhengi við sjálfa sig og sín heimahéruð, heldur var þeim það beinlínis mikilvægt og jafnvel skylt. Haukur Erlendsson³³ og Snorri Sturluson gátu til að mynda báðir rakið ættir sínar alla leið aftur til Adams um Jafet son Nóa (sem víða er sagður forfaðir allra norrænna manna), Príamos Trójukonung, Þór son hans, Óðin forföður hinnar dönsku konungaættar Skjöldunga og fleiri. Næst á eftir þessari upptalningu í Uppsalahandriti *Eddu* er svo lögsögu-mannatal sem sömuleiðis lýkur á Snorra,³⁴ og hugsunin er þá ef til vill sú að sýna fram á að sjálfsagt sé að maður af svo glæsilegum ættum gegni virðingarstöðum á Íslandi.

Þessir síðasttöldu fornu höfðingjar eru vitanlega þeir sömu og Snorri

28 *Oddaannálar og Oddverjaannáll*, útg. Eiríkur Þormóðsson et al., Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit, 59. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2003), xx–xxiii.

29 „Skrifad er ad Adam forfader hafe hallded sier fra Sinne kvinnu i 200. Ar, effter það hann så ofarer Cains, sonar sijnz“, *Oddaannálar og Oddverjaannáll*, 5.

30 *Oddaannálar og Oddverjaannáll*, cxii.

31 „Anno mundi Þad er Aarum eptir skaupun [þessarar veralldar] Þriar þusundir Nijuhundrut og xvi aar byri[adist su fiorda] Monarchia edur einualldz herradæmi Romuerskra [mann]a af [þeim v]ijjdræga keisara Julio: af huers nafni Ad allir Romuerskir [kei]saras hafa sijdan sitt nafn tekid“, *Oddaannálar og Oddverjaannáll*, 49.

32 Sjá t.d. *Islandske annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm, Det norske historiske Kildeskriift-fonds Skrifter, 21. b. (Ósló: Norsk historisk kildeskriiftfond, 1888).

33 *Hauksbók: Udgiven efter de Arnemagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4°, samt forskellige papirshåndskrifter*, útg. Finnur Jónsson (Kaupmannahöfn: Kongelige nordiske oldskriift-selskab, 1892–96), 504–5.

34 Sjá *The Uppsala Edda*, 118–20.

nefnir Æsi og segir komna frá Asíu, vísir að aðfluttri norrænni aðalstétt sem tignuð var (ranglega) sem guðir fram að kristnitöku. Þetta er þó langt frá því að vera séríslensk hugmynd. Til að mynda kemur það skýrt fram í *Bretakonungasögu* Geoffreys af Monmouth (*Historia regum Britanniae*, um 1136) að Bretar séu komnir af Trójumönnum sem þurftu að glíma við landvættina eða risann Gogmagog um yfirráð yfir landinu.³⁵ Raunar var sú saga allvel þekkt á Íslandi og er meðal annars varðveitt í *Hauksbók* undir fyrirsögninni *Breta sogvr*.³⁶ Slik „gervisagnfræði“ var ekki aðeins mikilvæg til að finna ríkjasögunni stað innan veraldarsögunnar heldur mátti í gegnum veraldarsöguna skýra tengsl tiltekinna hópa eða þjóða við hina guðdómlegu ættboga Adams og Nóa (þ.e. Sets fyrir flóð, eða Sems og Jafets eftir flóð), eða öllu heldur að þær væru *ekki* af hinum fordæmdu ættum bróðurmorðingjans Kains eða ættlerans Hams.³⁷ Veraldarsöguhefðin greinir þjóðir þannig í sundur eftir uppruna sínum samkvæmt ritningu og rekur sögu þeirra fram í tíma til þess sem söguna ritar. Önnur sagnfræðirit hlutu að lúta sama skilningi á heiminum og það er þess vegna sem Íslendingar ekki aðeins skrifa *Rómverja sögu* og skeyta henni inn í veraldarsöguna, en setja auk þess annálaskrif í slíkt heimssögulegt samhengi.

Það er því ljóst að tengsl Íslands við veraldarsöguna þurftu að árétta engu síður en tengsl Íslands við upphafið og kristindóminn. Það er einnig ljóst að það voru ekki aðeins Íslendingar sem voru uppteknir af þessu, heldur fylgdu þeir sömu hefð og lærdómsmenn víðast í Evrópu.³⁸

Hinar margháttuðu þjóðir

Þótt aðgreining eftir trúarbrögðum hafi verið almenn á aðgreining vegna þjóðernis sér hins vegar ekki stað á meðal Íslendinga samkvæmt Sverri Jakobssyni, sem telur að risaþjóðir hafi yfirleitt verið taldar til manna fremur en skrímsla.³⁹ Haukur Erlendsson var vel kunnugur hinum

35 Jeffrey Jerome Cohen, *Of Giants: Sex, Monsters, and the Middle Ages*, Medieval Cultures, 17. b. (Minneapolis: University of Minnesota Press, 1999), 29–36.

36 *Hauksbók*, 231–302. Þar heitir forynjan Goemagog (sjá 243).

37 Um ætt Kains á miðöldum má fræðast hjá John Block Friedman, *The Monstrous Races in Medieval Art and Thought* (Syracuse, NY: Syracuse University Press, 2000), 87–107.

38 Um veraldarsögur, sjá sérstaklega Svanhildi Óskarsdóttur, „Um aldir alda“. Sjá einnig Sverri Tómasson, „Heimsaldrar og annálar,“ í *Íslensk bókmenntasaga*, 1. b., ritstj. Vésteinn Ólason, 2. útg. (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 402–10.

39 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 353.

margháttuðu þjóðum Plíníusar eldri (d. 79 e.Kr.) svo sem sést á því að hann talar um að á „Blalande er þjóð su er Panfagi heitir, þeir eta alt þat er tonn festir a“, því þótt Plíníus skrifaði á latínu þá þýddi hann ekki heiti þjóðanna sem hann hafði frá Heródótosí (d. um 425 f.Kr.) og öðrum grískum sagnarituum sem fyrst fjölluðu um þær. Alfræðirit Plíníusar í þrjátíu og sjö bókum, *Naturalis historia*, átti að innihalda alla vitneskju heimsins í fornöld og upplýsingar um hinar margháttuðu þjóðir er einkum að finna í sjöundu bók. Þær eru oft kenndar við mataræði sitt, til dæmis *anthropophagi* (mannætur), *ichtiophagi* (fiskætur) og áðurnefndar *panphagi* (alætur), og er sú leið vafalítið farin til að ýta undir framandgervingu þessara þjóða gagnvart hinni normalíseruðu siðmenningu sem Plíníus tilheyrir.⁴⁰ Haukur þekkir fleiri furðuþjóðir Plíníusar, svo sem *Trogo-dite* (hellisbúa), *Cenocephali* (hundshöfða) og áðurnefnda *Aptropofagi* einsog þar stendur skrifað.⁴¹

Nú er svo sem ekki óhugsandi að Haukur hafi haft heimildir sínar annars staðar frá en frá Plíníusi beint þótt hafið sé yfir vafa að hann er frumheimildin. Það sést hversu aðkallandi það hefur verið að svara grundvallarspurningunni um tilvist ófreskra þjóða á því að Ágústínus frá Hippó (354–430) leggur grunn að guðfræðilegri útskýringu á þeim. Ágústínus vitnar í Plíníus um ófreskjur með aðeins eitt auga í miðju enninu, ófreskjur sem geta börn fimm ára en deyja átta ára, einfættar ófreskjur sem þó ná gríðarlegum hraða og kallaðar eru *sciopodes* o.s.frv.,⁴² og hvort sem Haukur þekkti verk Plíníusar eða ekki þá þekkti hann sannarlega Ágústínus þar sem hann vitnar beint til hans annarsstaðar í ritinu.⁴³ Niðurstaða Ágústínusar er sú að séu þessar ófresku þjóðir á annað borð til þá séu þær skapaðar af Guði, og um hans smíð á maðurinn ekki að efast; séu þær á hinn bóginn mennskar, þá eru þær sem aðrar þjóðir manna komnar af Adam.

Ísidór erkibiskup í Sevilla (d. 636) tekur svo að segja beint við keflinu frá Ágústínusi þegar hann talar um „ófreskar þjóðir“ í riti sínu *Ety-*

40 Sbr. Friedman, *The Monstrous Races*, 26–9.

41 *Hauksbók*, 165–7.

42 Heilagur Ágústínus, *The City of God Against the Pagans*, þýð. G.E. McCracken et al., 7 b., The Loeb Classical Library, 411.–417. b. (Cambridge, MA: Harvard University Press, 1965), 5:40–9 (bók XVI, kap. 8). Ágústínus færir sjaldnast fram sérstök heiti á þeim þjóðum sem hann hefur til umfjöllunar („Cynocephali“ eru þar meðal undantekninga, sbr. 5:42), sem ýtir heldur undir þann möguleika að Haukur hafi sínar upplýsingar frá Plíníusi beint.

43 Sjá *Hauksbók*, 167.

mologiae.⁴⁴ Ísidór nefnir þar til að mynda risa og dregur þá merkingu af heiti þeirra (*gigantes*) út frá grískum orðsifjum að þeir séu fæddir af jörðinni; hins vegar séu þeir einnig jafnan nefndir ‚synir jarðar‘ sem séu óskilgetnir eða af óvissu ætterni. Ísidór telur tilefni til að kalla þá hugmynd rangtúlkun á heilagri ritningu að risar séu afsprengi engla og mannsdætra,⁴⁵ og hefur að vísu þau rök frá Ágústínusi,⁴⁶ en í *Genesis* 6.4 segir: „Á þeim tíma voru risarnir á jörðinni og einnig síðar er synir Guðs höfðu samfarir við dætur mannanna og eignuðust með þeim börn. Það voru hetjurnar sem í fyrndinni voru víðfrægar.“⁴⁷

Sú hugmynd að áður fyrr hafi menn verið langlífari og stærri, jafnvel hálfgerðir risar, er alþekkt í miðaldaheimildum. Jeffrey Cohen nefnir að Engilsaxar hafi haft sérstakt orð yfir fornar steinmyndanir sem þeir töldu vera af annarra völdum en manna: *enta geweorc*, „verk risa“. ⁴⁸ Sambærilegar hugmyndir um hina fornu jötna og smíðar þeirra má finna í eftirheimildum um norræna trú, svo sem í ritinu *Eddu* frá þrettánda öld, og nú væri það ekki sérlega djarft að halda því fram að Snorra Sturlusyni hafi verið kunnugar slíkar hugmyndir annars staðar frá. Enda koma risar jafnt fyrir í Biblíunni og í endursögnum veraldarsagna á fyrstu bókum Gamla testamentisins, til að mynda í *Stjórn* og í *Veraldar sögu*. Í þeirri síðarnefndu segir í einum stað: „A þeim tíðvm varo men langlifir sva at margir havfdv litit fatt <i>.m. ara</i>⁴⁹ varo storir sem risar oc varo syndgir oc sidlausir flestir allir nema faer men.“⁵⁰ Sá tími sem hér er vísað til er hinn fyrsti heimsaldur, það er sá tími sem leið frá sköpun heimsins fram að Nóaflóði. Saxi málspaki færir einnig rök fyrir því að forfeður Dana hafi verið risar, sem hann nefnir raunar ófreskjur í sömu andrá.⁵¹

44 *Etymologiae*, sem ritað var á 7. öld, var afar áhrifaríkt rit um margar aldir. Sambærilegan kafla um „margháttaðar þjóðir“ má því t.a.m. finna í *Hauksbók* (165–6) sem rituð var á Íslandi af Hauki Erlendssyni (d. 1334).

45 Ísidór frá Sevilla, *The Etymologies of Isidore of Seville*, útg. og þýð. Stephen A. Barney et al. (Cambridge: Cambridge University Press, 2006), 244–5 (bók XI. iii. 12–27).

46 Heilagur Ágústínus, *The City of God Against the Pagans*, 4:546–61 (bók XV, 23. k.).

47 Vegna skorts á fræðilegri útgáfu Biblíunnar á íslensku er hér vísað í: *Biblían: Heilög ritning* (Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag og JPV útgáfa, 2007).

48 Cohen, *Of Giants*, 5–7.

49 M, *mille* = þúsund.

50 *Veraldar saga*, útg. Jakob Benediktsson, Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 61. b. (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1944), 10.

51 „Danicam uero regionem giganteo quondam cultu exercitam eximię magnitudinis saxa

Ljóst er af *Etymologiae* að Ísidór telur ekki að tími risanna hafi liðið undir lok með Nóaflóðinu, og er það í samræmi við tilvitnuð orð úr *Genesis* hér að ofan („og einnig síðar“), en þeir kunna að hafa verið stærri og algengari á öldum áður. Þetta er ekki aðeins hugmynd sem tekin er afar bókstaflega, heldur verður hún beinlínis að trúaratriði ekki síst að tilstuðlan Ágústínusar og síðar Ísidórs. Ekki þarf að kalla til fleiri vitni um hversu almenn þessi hugmynd var en Arngrím Jónsson lærða. Eftir að hafa borið tilbaka hvers kyns furðusögur um Ísland í *Brevis commentarius de Islandia* (1593), færir Arngrímur fyrir því ítarleg rök í sjálfstæðu framhaldsriti sínu *Crymogæu* (1609) að fólk á norðurhvara veraldar sé komið af risum, og styðst þar við Biblíuna, Ágústínus og Saxa málsþaka allt í senn.⁵² Hér ber að hafa í huga að Arngrímur skrifar rit sín aðeins 43 til 59 árum eftir blóðuga siðbót; hann er í senn gallharður lútheristi og húanisti en í hans huga er Ágústínus samt sem áður óskekull. Þrátt fyrir að óvættatrú fari dvínandi á fimmtánda og sextánda öld úti í hinum stærri heimi⁵³ þá eru risar enn veruleiki — í það minnsta liðinnar tíðar — á Íslandi á sautjándu öld. Tæplega hefur sá veruleiki verið óverulegri í heimsmynd Íslendinga á tólftu öld — eða þeirri fjórtánda.

Ísidór nefnir margar fleiri skrímslaþjóðir: *Cynochephal* (hundshöfðar) sem eru fremur skepnur⁵⁴ en menn. Þeir eru úr Indíum, hinu stóra óljósa austri, og þaðan koma einnig *Cyclopes* sem hafa aðeins eitt auga í enninu. *Blemmyae* sem fæðast í Líbýu, það er Norðvestur-Afríku, eru höfuðlausir bolir með munn og augu á bringunni. Fólk í austurlöndum fjær telur Ísidór að hafi ófresk andlit, sumt án nefs eða alveg flöt andlit eða formlaust yfirbragð; sumir með svo stóra neðri vör að hún skýlir þeim frá sólinni meðan þeir sofa. Sumir eru sagðir tungulausir og kunni því aðeins að tjá sig með látbragði. Ísidór telur upp satýra sem séu lítið fólk með krækt nef,

ueterum bustis ac specubus affixa testantur. Quod si quis ui monstruosa patratum ambigat, quorundam montium excelsa suspiciat dicatque, si callet, quis eorum uerticibus cautes tantę granditatis inuexerit.“ Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum: Danmarkshistorien*, útg. Karsten Friis-Jensen, þýð. Peter Zeeberg, 2 b. (Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab, Gads Forlag, 2005), 1:84.

52 Arngrímur Jónsson, *Crymogæa: Þættir úr sögu Íslands*, útg. og þýð. Jakob Benediktsson, Safn Sögufélags, þýdd rit síðari alda um Ísland og Íslendinga, 2. b. (Reykjavík: Sögufélag, 1985), 105–35.

53 Friedman, *The Monstrous Races*, 197–207.

54 Hér nota ég orðið „skepnur“ lauslega yfir það sem Ísidór kallar *bestiae*, og fylla þann flokk ýmis rándýr s.s. ljón, úlfar og önnur hunddýr.

horn á enninu og fætur sem geitur, en staðfestinguna á tilvist þeirra fær hann hjá heilögum Antoníusi.⁵⁵ *Sciopodes* nefnir Ísidór einnig, en þeir eru einfótungar og þó fara þeir hratt yfir. Þeir eru úr Eþíópíu.⁵⁶ *Antipodes* eða andfætingar eru úr Líbýu⁵⁷ og svo mætti áfram telja.⁵⁸ Eþíópía var stórt svæði á miðöldum og náði ekki aðeins norðar en það gerir í nútímanum⁵⁹ heldur og yfir allt landsvæði sunnan Sahara. Þaðan koma einnig þeir drekar sem ekki voru úr Indíum samkvæmt Ísidór, en þeir eru flokkaðir með *de serpentibus*.⁶⁰ Hann nefnir einnig *iaculi* sem eru fljúgandi snákar.⁶¹

Allar þessar skepnur hefur Ísidór fengið að láni úr *Naturalis historia* Plíníusar, og útlekkinguna hefur hann frá Ágústínusi. Mikilvægi Ísidórs felst einkum í því að setja guðfræðilega túlkun Ágústínusar á hinum margháttuðu þjóðum fram á einfaldan hátt sem náði til fleiri en áður hafði þekkt; alfræði Ísidórs verður almenn eftir útgáfu hennar á sjöundu öld og allt fram yfir siðbót, og því er ástæða til að staldra sérstaklega við hana. Ísidór talar um ófreska kynþætti en flestir virðast þeir eiga meira sameiginlegt með mönnum en dýrum, að undanskildum hundshöfðunum sem hann nefnir sérstaklega að séu fremur skepnur en menn, þótt hann fjalli eftir sem áður um þá í elleftu bók alfræði sinnar sem ber heitið *De homine et portentis* og fjallar um mannfólk fyrst og síðast. Hér er því ekki annað

55 Það segir hann altént en ég hef á þessari stundu ekki fundið heimildina. Sjá *Etymologies of Isidore*, 243–246.

56 Einfótungar koma fyrir í *Eiríks sögu rauða* sem flestum Íslendingum mun kunnugt, og er þess að geta að Vinland var á þeim tíma talið vera í allt öðrum heimshluta en Grænland, nánar tiltekið átti það að ganga út af Afríku, sbr. Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 263.

57 Þetta gæti bent til þess að Ísidór telji Líbýu vera sunnan við miðbaug. Það er alveg ljóst að þangað komst enginn maður og um það vitnar skrifari *Stjórnar* í Ágústínus og hafnar jafnframt tilvist andfætinga, sem talið var að gengju á hvolfi. Til er saga af Alexander mikla að þegar hann hafði gersigrað nyrðra heimshvelið þá vildi hann einnig sigra hið syðra, en þá skárust máttarvöldin í leikinn og urðu honum að aldurtíla. Um þetta allt sjá David Ashurst, „Journey to the Antipodes: Cosmological and Mythological Themes in Alexanders saga,“ í *Old Norse Myths, Literature and Society: Proceedings of the 11th International Saga Conference 2.–7. July 2000. University of Sydney*, ritstj. Geraldine Barnes et al. (Sydney: Centre for Medieval Studies, University of Sydney, 2000).

58 *Etymologies of Isidore*, 245.

59 Heródótos telur allt landsvæðið sunnan af Aswan í Egyptalandi nútímans vera Eþíópíu.

60 *Etymologies of Isidore*, 255.

61 *Etymologies of Isidore*, 257. Jakúlus kemur einnig fyrir í *Yngvars sögu víðförla*, en þar er hann fljúgandi, eiturspúandi dreki sem þrátt fyrir allt virðist aðeins vera yfirborðslega skyldur *iaculum* Ísidórs. *Yngvars saga víðförla*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, útg. Guðni Jónsson et al., 3 b. (Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1944), 3:5. k.

að sjá en að sama hugmynd um ófreskjuna sé á ferðinni hjá Ísidór og sú sem Sverrir Jakobsson greinir í íslenskum heimildum. Þá má auðvitað nefna gríska náttúrufræði, svo sem hið margþýdda rit *Physiologus* (frá 2. öld e.Kr.) en umræða Ísidórs (560–636) um ófreskjur er af svipuðum meiði. *Physiologus* var meðal annars þýddur á forníslensku (elsta handrit þeirrar þýðingar er frá um 1200)⁶² og þegar sú þýðing er borin saman við miðenskan *Physiologus* (handrit frá um 1300) og dýrafræðihandritið *MS Bodley 764* (1225–1250)⁶³ sést gjörla að skrímsl og furðuverur voru kristnum mönnum síst framandi; Ísidór fjallar um þessi dýr sem þau séu raunveruleg, en í *Physiologus* er áherslan á táknrænt hlutverk þeirra innan sköpunarverksins og túlkunin sem þar birtist er allegórísk. Slík túlkun er í fullu samræmi við þá guðfræðilegu skýringu á ófreskjum sem Ágústínus frá Hippó (354–430) lagði fram í verki sínu *De civitate dei* (*Guðsríki*).⁶⁴ Guðfræði hans er þar sem annarsstaðar bindingarefni ólíkra sjónarmiða.

Miðja heimsins, staðsetning paradísar, og útjaðar heimsins

John Block Friedman hefur bent á að á miðöldum var talið að loftslag hefði áhrif á eðli fólks; milt loftslag gat af sér fólk með mikla siðferðisvitund en öfgar í veðurfari gátu af sér hið gagnstæða. Hið fullkomna loftslag var þá líkt því sem fannst í Paradís (Eden), og því fjarlægara sem fólk var frá miðju heimsins, þeim mun fjarlægara var það Guði. Á jaðri heimsins var loftslagið hvað þungbærast, ýmist óbærilega heitt eða óbærilega kalt, og slíkt loftslag kallaði fram ófreska kynþætti. Það kemur ekki á óvart, segir Friedman, að sérhver Evrópuþjóð taldi sjálfa sig vera „miðjufólkið“ á meðan hálla væri undir öðrum þjóðum á siðferðissvellinu.⁶⁵ En ef lofts-

62 *The Icelandic Physiologus: Facsimile Edition with an Introduction*, útg. Halldór Hermannsson, Islandica, 27. b. (Íþöku: Cornell University Press, 1938), 7.

63 Samanburður við ensk handrit er ekki með öllu galinn því sennilegt er að *Physiologus* berist þaðan til Íslands. Sjá Vittoria Dolcetti Corazza, „Crossing Paths in the Middle Ages: The Physiologus in Iceland,“ í *The Garden of Crossing Paths: The Manipulation and Rewriting of Medieval Texts. Venice, October 28.–30., 2004*, ritstj. Marina Buzzoni et al. (Feneyjum: Libreria Cafoscarina, 2005), 225–48.

64 Sjá t.d. Naomi Reed Kline, „The World of Strange Races,“ í *Monsters, Marvels and Miracles: Imaginary Journeys and Landscapes in the Middle Ages*, ritstj. Leif Søndergaard et al. (Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2005), 27–40.

65 Friedman, *The Monstrous Races*, 51–5; John Block Friedman, „Monsters at the Earth's Imagined Corners: Wonders and Discovery in the Late Middle Ages,“ í *Monsters, Marvels and Miracles*, 53.

lagið var fullkomið í Paradís þá liggur beint við að athuga hvar talið var að Paradís væri:

Ynðis stadr sa var gorr i avstanverþvm heimi er Paradisvs hetir. sa staðr er fiarllegr hardla þeim iorþvm avðrom er nv erv bygðar af monnvm. Sa staðr er fegri oc friðare avllom avðrom lavndom. þar spretr ein mikill brvnr. sa er harðla groðrsamr oc vavkvar allam þan stað. en or þeim brvni renna þioðar fiorar hingat i heim i (kvnnleik) monvm. þeirra er ein Ganges onnvr Tigris þær ero baðar avstr i Asia. in þriðia er Nilvs hvn fell(r) vm Blaland allt en sidan vm Egiptaland oc þaðan i sia. in fiorða er Evfrates er fellr fyrir avstan Gydingaland.⁶⁶

Þessi lýsing úr *Veraldar sögu* er að mestu leyti í samræmi við Vúlgötu.⁶⁷ Þar er fyrsta áin *Phison* sem rennur um land Evíla, önnur *Geon* sem rennur um Eþíópíu,⁶⁸ þriðja *Tigris* sem rennur austan við Assyríu (Írak) og sú fjórða er *Ephrat*. Í ljósi þess að Níl er sögð renna um Bláland fyrst og næst Egyptaland áður hún rennur í sjá er Bláland það sem nefnt er í *Veraldar sögu* sennilegast Eþíópía miðað við þann skilning á því landsvæði sem nefndur var hér á undan, þ.e. Súdan, Eritrea, Eþíópía og Sómalía nútímans ásamt fleiri löndum. Frjósami hálfmáninn afmarkar stöðu Paradísar í heiminum, austur af Ísrael, óhjákvæmilega í Mesópótamíu (Babýlon) ef bæði Tigris og Efrat runnu þar í gegn. Lærðir menn á miðöldum voru meira eða minna sammála um þessa staðsetningu; Ísidór, Hrabanus Maurus og Honorius Augustodunensis eru allir sammála um að hún liggi í austri, en ítarlegar er farið út í þetta í AM 194 8vo og *Hauksbók* sem báðar styðjast við rit lærðra manna.⁶⁹ Sú staðsetning er einnig í samræmi við ýmis heimskort miðalda, svo sem Herefordkortið sem sýnir Paradís umlukta ókleifum múr í háaustri.⁷⁰

66 *Veraldar saga*, 4–5.

67 Og raunar *Hauksbók* (150) einnig, en þar eru árnar nefndar Phison sem fellur að Indíalandi, Gion eða Níl öðru nafni sem fellur um Bláland, Tigris sem fellur um Serkland og Eufrates sem fellur um Mesópótamíu.

68 Kúsland í nýrri þýðingum Biblíunnar (1M 2.13). Í hvoru tilviki um sig er átt við landið umhverfis norðanverða Níl.

69 Sverrir Tómasson, „Ferðir þessa heims og annars: Paradís – Ódáinsakur – Vínland í íslenskum ferðalýsingum miðalda,“ *Gripla* 12 (2001), 28.

70 Ásgeir Blöndal Magnússon telur að sjálft orðið *paradis* sé komið úr fornpersnesku,

Ef Jerúsalem var miðja heimsins, þar sem fólk var í mestum tengslum við guddóminn og þar sem loftslagið var eins líkt Paradís og hugsast gæti, skoðum þá nánar andstæðuna. Hverslags skepnur bjuggu við mestar öfgar í loftslagi? Ófreskir kynþættir mannsins bjuggu utan við land gyðinga fyrir botni Miðjarðarhafs og þeir urðu ófreskari því fjær sem dró, svo sem hundshöfðarnir í Indíalandi eru til vitnis um og þjóðflokkur hinna höfuðlausu Blemmýa í Eþíópíu. Á jaðarsvæðum er einnig algengt að ýmsar furðuskepnur geri vart við sig, til dæmis drekar og jakúlar. Skýþía er heimshluti í norðri og austri sem einnig er illa haldinn af óguðlegu fólki. Naomi Reed Kline hefur greint ýmsar ófreskjur Skýþíu á Herefordkortinu (um 1300), þar með talinn sjálfan Andkrist sem sýndur er umluktur miklum vegg sem Alexander mikli átti að hafa reist. Skýþíu mun enn fremur vera þannig lýst í *De mirabilibus mundi* eftir Solinus að hún sé „hræðilegri staður en unnt er að trúá“ og „óbærilega kaldur“ allan ársins hring. Þar búa mannætur sem brotist gætu úr þrisund sinni þá og þegar, og vísar það væntanlega aftur í varnarmúr Alexanders.⁷¹ Á Walspergerkortinu (1448–49) má finna Gog og Magog í Skýþíu, en þar hafa flest skrímslin verið færð í hásuður.⁷²

Hver eru Gog og Magog? Í *Fyrstu Mósebók* er nefndur sonur Nóa, Jafet, sem á soninn Magog. Frá hverjum syni Nóa urðu til þjóðir sem ítarlega eru raktar.⁷³ Í *Veraldar sögu* segir að „fra þesvm .iii. sonvm Noa er komið allt mankyn. þær þiodir erv komnar frá Kam er bygdv svdrhalfo heimsins. En þer fra Sem er austreg bygdv ok þadan er Gydingalydr. En þær þiodir fra Iafeð er norðrhalfv bygdv.“⁷⁴ Hin fordæmda ætt Hams var nefnd fyrir í þessari ritsmíð og samhljómur er með *Veraldar sögu* og þeirri hugmynd að hann sé ættfaðir hinna ófresku þjóða í suðri, og því heldur má ætla að Magog *Opinberunarbókarinnar* sé ein þessara þjóða í norðri af ætt Jafets líkt og *Veraldar saga* gefur til kynna. Magog er einnig nefndur í *Örvar-Odds sögu* þegar Oddr hittir Kænmar sem „réd fyrir Kænugörðum

„pairidaêza“, sem hafi táknað „umluktan garð“, *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989), 701.

71 Kline, „The World of Strange Races“, 37–8. Sjá einnig Naomi Reed Kline, *Maps of Medieval Thought: The Hereford Paradigm* (Woodbridge: Boydell Press, 2001), 146–64.

72 John Block Friedman, „Monsters at Earth’s Imagined Corners“, 47–8.

73 1M 10.1–32.

74 *Veraldar saga*, 13.

[Kiev], en þar byggði fyrst Magok, sonr Japhets Nóasonar“.75 Breski frumbygginn Gogmagog eða Goemagog hefur þegar komið við sögu í þessari ritsmíð. Þjóðirnar Gog og Magog virðast því í æði mörgum tilvikum hafa verið tengdar við illar ófreskjur í norðurhluta heimsins, ekki síst í Skýþíu eða Svíþjóð hinni miklu sem er nokkuð stórt svæði eða gróflega allt Rússland, Síbería og jafnvel lönd sunnar, svo sem Afganistan og fleiri.

Jafnt í goðsögnum Alexandershefðarinnar sem þýddar voru á þjóðtungur um allan hinn vestræna heim, þar með talið á íslensku,⁷⁶ og í þjóðháttarfræðum Solinusar og þar með einnig á heimskortum er Gog og Magog lýst sem hryllilegum þjóðflokkum sem Alexander mikli fangelsaði á bakvið múra með rammlæstum járnhliðum líkt og áður var drepð á, ýmist í Kákasus eða Kaspíafjöllum. Við komu Andkrists munu Gog og Magog brjótast úr þrúund sinni og berjast við hlið hans, líkt og lýst er í *Opinberunarbókinni*.⁷⁷ Í Gog og Magog rekjast saman þessir tveir þræðir: heimsendasþáin og ófreskjan, sömu tveir þræðir raunar og snúast saman í heimildum *Snorra-Eddu*, sem rétt einsog *Eddan* sjálf eru aðeins varðveittar í skrifum kristinna lærdómsmanna. Þar höfum við jötna og ragnarök í stað ófreskja á dómsdegi, en auðvitað eru jötnar engu minni ófreskjur á meðan þeir standa utan við hið viðurkennda samfélag. Þar koma og fyrir Múspellssynir, en múspell merkir einmitt heimsslit og varðveitt er að stærstum hluta samnefnt fornháþýskt kvæði *Muspilli* frá níundu öld, sem eitt sinn var talið að væri kristileg endursögn á ragnarökum en nú er samhljómur um að sé hreinræktað kristilegt heimsendakvæði, þar sem einblínt er á baráttu Elíasar spámanns við Andkríst. Raunar er ófreskjan alltaf nátengd hugmyndinni um endalok heimsins, og ófreskjan kemur alltaf utan af jaðrinum. Þegar skoðuð eru miðaldakort, af veröld þar sem Jerúsalem er miðjan, þá eru Norðurlönd engu minni jaðar en Eþíópía eða Indland.

Þessi jaðar var þó ekki fastur eða óbreytanlegur: líkt og John Lindow hefur bent á þá er Ísland þegar kristið landsvæði þegar hinir heiðnu landnámsmenn koma þangað frá Noregi, og það er ljóst að það á fyrir þeim að liggja að verða kristnir; frá Íslandi ferðast þeir lengra út á hinn raunverulega jaðar þar sem hinir ógnvænlegu skrælingjar Vínlands búa,

75 *Örvar-Odds saga*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:30. k.

76 Sjá t.a.m. alþýðlega útgáfu *Alexandris, það er Alexanders saga á íslensku*, útg. Gunnlaugur Ingólfsson (Reykjavík: Steinholt, 2002).

77 Opb 20.7–10. Sjá Kline, „The World of Strange Races,“ 36–8; Friedman, „Monsters at Earth’s Imagined Corners,“ 43–4.

og Lindow segir þetta færa Ísland enn nær hinni norsku samfélagsmiðju og fjær hinum villta, heiðna jaðri.⁷⁸ Svipaða viðleitni til menningarlegrar tilfærslu þjóðar inn á miðjuna má sjá hjá Geraldi frá Wales (1146–1223) sem staðsetur Írland úti á jaðri heimsins, líkir íbúum þess við ófreskjur, og færir Bretland með því nær hinni kristnu miðju heimsins.⁷⁹ Jaðar heimsins er alltaf nátengdur ófreskjum og andkristilegum gildum og því hefur kristnum sagnariturum verið mikið í mun að staðsetja sig sem nákvæmast og lengst frá þeim jaðri.

Ef við skoðum nánar hinn norðlæga jaðar þá hefur Lotte Motz tekið saman hvar tröllskessur koma fyrir í íslenskum heimildum, og það kemur á daginn að þeirra umráðasvæði liggur einmitt á jaðri Norðurlandanna, semsé á jaðri annars jaðars. Tvær tröllskessur eru nefndar á Grænlandi sem talið var liggja skammt frá Bjarmalandi í Norður-Noregi,⁸⁰ en annars halda þær til allt frá Hálogalandi um Finnmörk, Lappland og Bjarmaland, Kareliu og um Síberíu allt austureftir. Aðeins ein býr utan hinna allra norðlægustu slóða og sú býr í Afríku.⁸¹ Á þessum sömu norðlægu slóðum búa tröllin. Í *Eddu* er þekkt goðsögn af för Þórs til Útgarða-Loka. Nótt eina gista þeir förunautar í skála nokkrum mjög miklum⁸² sem reynist svo vera hanski risans Skrýmis, og er það til marks um stærð hans. Hann segir svo við þá förunauta: „Heyrt hefi ec, at þer hafit qvisat imilli yðvar, að ec væra ecki litill maðr vexti, en sia skvlvð þer þar stærri menn, ef þer komit í Vtgarþ.“⁸³ Útgarður er staður sem stendur utan samfélagsins, *utan garðs*; leiðin frá samfélaginu liggur frá miðju og út á jaðar, og sú miðja og jaðar eru táknrænir staðir og bókstaflegir í senn. Sköpulag jarðar var þekkt

78 John Lindow, „Íslendingabók and Myth,“ *Scandinavian Studies* 69 (1997): 454–64. Sjá einnig Pernille Hermann, „Íslendingabók and History,“ í *Reflections on Old Norse Myths*, ritstj. Pernille Hermann et al., *Studies in Viking and Medieval Scandinavia*, 1. b. (Turnhout: Brepols, 2007), 17–32 og ekki síður Pernille Hermann, „Founding Narratives and the Representation of Memory in Saga Literature,“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 66 (2010): 69–87.

79 Asa Simon Mittman, „The Other Close at Hand: Gerald of Wales and the ‘Marvels of the West’,“ í *The Monstrous Middle Ages*, ritstj. Bettina Bildbauer et al. (Toronto: University of Toronto Press, 2003), 97–112.

80 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 246–9.

81 Lotte Motz, *The Beauty and the Hag: Female Figures of Germanic Faith and Myth*, *Philologica Germanica*, 15. b. (Vín: Fassbaender, 1993), 65–8.

82 *Edda Snorra Sturlusonar úðgivet efter håndskrifterne*, útg. Finnur Jónsson (Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, 1931), 50.

83 *Edda Snorra Sturlusonar*, 53 (k. 45, 28 eftir skiptingu Finns).

Þá rétt einsog á okkar dögum, en að sama skapi vafðist ekki fyrir lærðum mönnum að láta sem heimurinn væri kringla þegar þeim bauð svo við að horfa. Þessar hugmyndir stönguðust ekki hvor á við aðra á miðöldum.⁸⁴ Þannig er það einnig ef við lítum til Íslendingasagna, að því fjær sem dregur frá samfélagsmiðjunni þeim mun tröllslegra verður mannfólkið, og úti á jafri heimsins komast menn í tæri við skrímsli.⁸⁵ Og svo virðist sem tengsl séu á milli hinna ófresku þjóða, niðja Magogs, og hinna tröllvöxnu ættfedra norrænna manna.⁸⁶

3. Tröll í Hrafnistumannasögum

Svipaðan jaðar sem svo berlega er lýst í *Eddu* og greina má í hugmyndum um miðju heimsins, siðferði og loftslag er einnig að finna í *Hauksbók*, þar sem sagt er að Finnmörk hafi í fyrndinni verið kölluð Jötunheimar og risar verið víða.⁸⁷ Risar voru hluti af sögu og sjálfsmynd Íslendinga og menn röktu ættir sínar til þeirra. Og þetta gerðu fleiri en Íslendingar, til dæmis var vinsælt meðal þýskra klerka á þrettánda öld að reyna að rekja ættir sínar til fornaldarrisa Biblíunnar.⁸⁸ Nágrannarnir voru risar líka: Sverrir Jakobsson hefur bent á að í svonefndum Jötunheimum í Finnmörk bjuggu Samar, eða Finnar einsog þeir eru jafnan nefndir í norrænum heimildum. Þaðan í austurátt voru svo Bjarmar, sem ekki voru síður framandi norrænu fólki. Sverrir bætir við að í „norsku lagamáli er minnst á hálf-Finna en í sögum er getið um hálftröll eða hálfriša. Orðin ‚tröll‘ og ‚Finni‘ eru

84 Um þetta má fræðast hjá Sverri Jakobssyni, *Við og veröldin*, 75–84; Sverri Jakobssyni, „Myndirnar af heiminum: um heimsbelli, heimskringlur og Vinlandsferðir norrænna manna,“ í *Vísindavefur: Ritgerðasafn til heiðurs Þorsteini Vilhjálmssyni sjötugum*, ritstj. Einar H. Guðmundsson et al. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010), 231–8; Þorsteini Vilhjálmssyni, *Heimsmynd á hverfanda hveli: Sagt frá heimssýn vísindanna frá öndverðu fram yfir daga Newtons*, 1. b., *Heimsmynd vísinda frá öndverðu til Kópernikusar* (Reykjavík: Mál og menning, 1986); David Ashurst, „Journey to the Antipodes“.

85 Arngrímur Vídalín, *The Supernatural in Íslendingasögur*.

86 Margaret Clunies Ross vill halda hvoru tveggja opnu í senn, að fólk hafi tekið það alvarlega að vera afkomendur trölla, og að slík ættfræði hafi verið til skemmtunar, „Fornaldarsögur as Fantastic Ethnographies,“ í *Fornaldarsagaerne*, 317–18.

87 Sjá *Sögu Heiðreks konungs hins vitra* í *Hauksbók*, 350. Sjá einnig Sverri Jakobsson, *Við og veröldin*, 246–76.

88 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 246. Sjá heildarumfjöllun hans um risaþjóðir í sama riti, sérstaklega 246–60ff.

stundum notuð sem samheiti í íslenskum heimildum,⁸⁹ og líkt gildir um Bjarma svo sem komið verður að hér á eftir.

Hermann Pálsson taldi að ýmsar lýsingar á tröllum í fornaldarsögum ættu við Sama,⁹⁰ og er sú kenning jafn áhugaverð og freistandi er að grípa til hennar.⁹¹ Hermann heldur því fram að viðurnefni Hallbjarnar hálftröls í *Ketils sögu hængs* sýni „ótvírætt að móðir hans hefur verið samísk“,⁹² og undir þetta taka Sandra Ballif Straubhaar⁹³ og Sverrir Jakobsson.⁹⁴ Þetta sjónarhorn fer langa leið með að útskýra tvíbenta afstöðu Hallbjarnar til trölla. Hann er sjálfur hálftröll og á eintóm tröll að vinum. Hallbjörn reynir að letja Ketil til að leita fanga á heimaslóðum þessara vina sinna með orðunum „Reimt mun þér þar þykkja“. ⁹⁵ Þar koma í ljós áður nefnd tengsl trölla við reimleika sem Ármann Jakobsson hefur bent á.⁹⁶ Einn vina Hallbjarnar, jötunninn Surtur,⁹⁷ á forðabúr af hvölum, hvítabjörnum,

89 Sama rit, 249.

90 Hermann Pálsson, *Úr landnorðri: Samar og ystu rætur íslenskrar menningar*, Studia Islandica, 54. b. (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1997), 14–27.

91 Að visu fer ekki mikið fyrir Samakenningunni í fræðunum, að undanskilinni umræðu hjá Sverri Jakobssyni, *Við og veröldin*, 246–76. Helen F. Leslie, „The Matter of Hrafnista,“ *Quaestio Insularis* 11 (2010): 169–209, virðist einnig gefa sér að um Sama sé að ræða og Sandra Ballif Straubhaar, „Nasty, Brutish, and Large: Cultural Difference and Otherness in the Figuration of the Trollwomen of the Fornaldar sögur,“ *Scandinavian Studies* 73 (2001), veltir upp sama möguleika.

92 Hermann Pálsson, *Úr landnorðri*, 16. Þetta hefur raunar einnig töluverða þýðingu fyrir minni sem nefnt hefur verið „sagan af syni bjarndýrsins“ og sannfærandi rök hafa verið færð fyrir að *Ketils saga* og *Gríms saga loðinkinna* séu sögur af þeirri gerð, en *Örvar-Odds saga* þiggi ýmislegt að láni frá þeirri hefð. Sjá Joaquin Martinez Pizarro, „Transformations of the Bear's son Tale in the Sagas of the Hrafnistumenn,“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 32–33 (1976–77): 263–281.

93 Sandra Ballif Straubhaar, „Nasty, Brutish, and Large,“ 107.

94 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 258.

95 *Ketils saga hængs*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:2. k.

96 Sbr. Ármann Jakobsson, „Hvað er tröll?“ Sjá einnig Ármann Jakobsson, „Íslenskir draugar frá landnámi til lúterstrúar: Inngangur að draugafræðum,“ *Skirnir* 184, nr. 1 (2010): 187–210.

97 Nafnið Surtur kemur víða fyrir í tengslum við jötna í íslenskum miðaldabókmenntum. Þekktastur þeirra mun vera Surtur sem nefndur er í *Völuspá* og í *Eddu*, en raunar er hann að ég hygg aldrei beinlínis sagður vera jötunn þótt það megi lesa úr samhenginu. Hellisbúinn Hallmundur í *Bergbúa þætti* (sem sjálfur kallar sig „bjargálf“) virðist einnig hafa nokkur tengsl við hann, sbr. „ek fer greppr af nekkvi, niðr í Surts ens svarta, sveit í eld enn heita“; sjá *Bergbúa þáttir*, útg. Þórhallur Vilmundarson, Íslenzk fornrit, 13. b., *Harðar saga* (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1991), 448. Um þau tengsl að öðru leyti, sjá umfjöllun Þórhalls í inngangi sama rits, cciii–ccxi. Jötunninn Kaldrani kemur síðar fyrir

selum, rostungum og söltuðu mannakjöti.⁹⁸ Að skilgreina aðra á grundvelli mataræðis er algengt líkt og áður er getið og þess sér stundum stað þar sem tröll koma fyrir í Hrafnistumannasögum. Brúni, faðir Hrafnhildar, býður Finnum til sín nóttina sem þau Ketill geta Grím loðinkinna og sérstök athygli er vakin á fjölkyngi þeirra og því að þeir nærast á smjöri einu saman.⁹⁹ Þegar Grímur loðinkinni hefur ráðið niðurlögum tröllanna Hrímnis, Hyrju, Feimu og Kleimu verður skyndilega „nógur veiðifangi. Lá þá hvalr í hverri vík“,¹⁰⁰ og er það almennt til marks um tröllagang í Hrafnistumannasögum þar sem veiðifang skortir líkt og nánar verður komið að hér á eftir. En þó að Hallbjörn sé bundinn tryggðarböndum við því lík tröll er honum meinilla við Hrafnhildi, barnsmóður Ketils frá Finnmörk, en honum þykir illt að Ketill vilji „elska tröll þat“. Þetta gæti bent til þess að Hallbjörn sé einhvers konar eftirlendutröll sem vilji syni sínum betra líf en hann sjálfur átti kost á sem „hálftröll“, en þess er raunar getið að Hrafnhildur hefur „álnar breitt andlit“¹⁰¹ og er það til marks um ætterni hennar norðan úr Finnmörk.

Það blasir enda við lesandanum að tröll sögunnar eru einangruð og búa afskekkt; þau eru jaðarsett og *öðruð* (e. *othered*), í þeirri merkingu þess orðs að andspænis hinu norræna, siðmenntaða *sjálfi* Ketils hængs eru þau *hinn*. Þau eru í senn spegilmyndin og andstæðan.¹⁰² Eftir að Ketill hefur

í *Ketils sögu*. Hvort skýr greinarmunur er gerður á tröllum og jötnum í þessari sögu er ómögulegt að vita, en þó er Kaldrani alltaf kallaður jötunn en vinir hans tröll (sjá *Ketils sögu hængs*, 2. k.).

98 Um þennan hluta sögunnar, sjá Stephen A. Mitchell, „The Supernatural and the Fornaldarsögur: The Case of Ketils saga hængs,“ í *Fornaldarsagaerne*, 281–98.

99 *Ketils saga hængs*, 3. k.; *Gríms saga loðinkinna*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:1. k.; *Örvar-Odds saga*, 1. k. Helen F. Leslie telur að skringilegt mataræði Finnanna endurspegli raunverulegan skort þeirra á mjólkurafurðum, „The Matter of Hrafnista,“ 195–98. Ég er ekki ósammála því að svo kunni að vera, en ég er fyllilega sannfærður um að ætlunin með þessum stutta þætti sé að framandgera þá. Þátturinn spilar aftur veigamikil hlutverk í hinni undirliggjandi sögu af syni bjarndýrsins einsog hún birtist í *Örvar-Odds sögu*, sbr. Pizarro, „Transformations of the Bear’s son Tale,“ 271–72, og sú greining þykir mér heldur stýðja þá tilfinningu mína að Finnarnir í sögunni séu vísvitandi gerðir framandlegir.

100 *Gríms saga loðinkinna*, 2. k.

101 *Ketils saga hængs*, 3. k.

102 Helga Kress hefur fjallað um jöðrun tröllkvenna í Hrafnistumannasögum sakir kyngeris; þær eru andstaðan við siðmenningu karlanna og hið villta og náttúrulega sé því táknrænt fyrir konuna sem vilji hafa völdin af körlunum, og þannig verður tröllkonan eins konar birtingarmynd fyrir ótta þeirra, þó að þeir sigrist jafnan auðveldlega á henni. Sjá Helgu Kress, *Máttugar meyjar: Íslensk fornþókmennitasaga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan,

drepið þau tröll sem faðir hans vísaði honum til heldur hann norður fyrir Finnmörk. Fyrst rekst hann á tröllkonu sem tekur í stafninn og hristir skipið, svo lendir hann í hrakningum en hvalur sem honum sýnist hafa mannsaugu skýlir honum fyrir veðrinu; nokkru síðar drepur hann tröllkonuna Forað sem bregður sér í hvalslíki að lokinni sennu þeirra á milli og er óljóst hvort um er að ræða sömu tröllkonu eða hvort tengsl eru á milli hennar og fyrri hvalsins, þótt samhengisins vegna sé það ósennilegt. Síðan drepur Ketill Gusi Finnakonung, sem virðist af frásögninni vera tengdur við seið eða útisetur: „Um vetrinn eftir jól fýstist Ketill í burt. En Brúni kvað eigi þat mega fyrir vetrarríki ok illum veðrum, – ,en Gusir Finna konungur liggir úti á mörkum‘.“¹⁰³ Af Gusi hefur Ketill örvarnar Gusisnauta, sem erfast svo frá einni kynslóð til annarrar í Hrafnistumannasögunum. Þær örvar eru gæddar þeim galdri að þær hæfa alltaf í réttan stað hvernig sem þeim er skotið. Sverrir Jakobsson hefur bent á að lærðir höfundar hafi verið sammála um galdramátt Sama og nefnir þar Saxa málsþaka, Adam frá Brimum og ritara *Historia Norvegiae*; einnig nefnir hann að í „fornum kristinrétti norskum er varað við því að trúá á Finna, fara til Finna, gera finnfara, fara á Finnmerkur að spyrja spá.“¹⁰⁴ Þessar frásagnir eru fráleitt allar neikvæðar, og ekki er hægt að segja annað en að galdragripirnir Gusisnautar og brynja Örvar-Odds sem járn bíta ekki komi söguhetjunum vel. Þó eru ívið fleiri neikvæð dæmi og nefna má tvö slík til viðbótar sem telja má nokkuð fróðleg. Annars vegar er það í áðurnefndri sennu Ketils hængs við tröllkonuna Forað, þar sem hann líkir henni við marga þá „myrkriðu“ sem orðið hefur á vegi hans;¹⁰⁵ hins vegar eftir að Ketill hefur sagt skilið við Forað, þegar hann vaknar upp nótt eina við

brak mikit í skóginum. Hann hljóp út ok sá tröllkonu, ok fell fax á herðar henni. Ketill mælti: „Hvert ætlar þú, fóstra?“ Hún reigðist

1991), 119–135. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir tekur um margt í sama streng en er einnig gagnrýnin á umfjöllun Helgu, og færir fyrir því rök að hlutverk tröllkvanna í fornaldarsögum sé mun ítarlegra en greining Helgu gefur til kynna. Sjá Jóhönnu Katrínu Friðriksdóttur, *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*, The New Middle Ages (New York: Palgrave Macmillan, 2013), 59–77.

103 *Ketils saga hængs*, 3. k.

104 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 250–51. Mjög ítarlega umfjöllun um seið og Sama má finna hjá Neil Price, *The Viking Way: Religion and War in Late Iron Age Scandinavia* (Uppsölum: Uppsala University, 2002), 91–232.

105 *Ketils saga hængs*, 4. k.

við honum ok mælti: „Ek skal til tröllapings. Þar kemr Skelkingr norðan ór Dumbshafi, konungr trölla, ok Ófóti ór Ófótansfirði ok Þorgerðr Hörgatröll ok aðrar stórvættir norðan ór landi. Dvel eigi mik, því at mér er ekki um þik, síðan þú kveittir hann Kaldrana.“ Ok þá óð hún út á sjóinn ok svá til hafs. Ekki skorti gandreiðir í eyjunni um nóttina.¹⁰⁶

Tröll geta þannig bæði verið myrkriður og gandríður. Hér rekjast tveir þræðir saman: annars vegar áðurnefnd tengsl trölla og galdra, hins vegar tengsl Sama og galdra, og styður það frekar þá kenningu að tröll Hrafnistumannasagna og Samar séu ekki með öllu ótengd, hvort sem þau tengsl eru hugmyndafræðileg eða annars eðlis. Og beinlínis er ýjað að því í *Ketils sögu* að Ketill sé útvörður jaðarsins á milli siðmenningarinnar í Hrafnistu og útgardðsins þar sem tröllin búa,¹⁰⁷ þegar Ketill hefur kynnt sig fyrir Foraði og hún svarar: „Nær væri þér at vera heima í Hrafnistu en dratta einum til útskerja“.¹⁰⁸ Ketill er farinn að skipta sér af tröllheimum og henni líkar það engan veginn.

Gríms saga loðinkinna hefst á því annars vegar að tilvonandi brúður Gríms hverfur í kjölfar þess að hún eignast nýja stjúpmóður sem er illa við hana,¹⁰⁹ og hins vegar að mikið hallæri verður á Hálogalandi. Svo virðist sem matarskortur og tröllagangur séu nátengd fyrirbæri í Hrafnistumannasögum. Ketill hængur fer ekki einu sinni til að afla nauðsynja, heldur alls fjórum sinnum í sögunni. Í fyrstu ferð sinni fer hann til Miðfjarðar þar sem hann hittir fyrrnefndan Surt jötun og sér þar mikinn veiðifanga. Hina næstu ferð fer hann til Vitaðsgjafa og þar skortir ekki síður veiðiskap. Ketill aflar sér fanga og leggst til svefns en morguninn eftir er allt horfið. Sá sem tekið hafði vistirnar reynist vera jötunninn Kaldrani sem er í slagtogi við tvö tröll

106 *Ketils saga hængs*, 5. k.

107 Svo á jaðrinum er Hrafnista að Hallbjörn hálftröll varar Ketil við nyrsta hluta eyjarinnar, þ.e. þeim hluta hennar sem næstur er tröllaslóðum útjaðarsins. Þegar Ketill virðir varnaraðrarð föður síns að vettugi og heldur norður í eyna mætir hann fljúgandi, eldspúandi dreka (sjá *Ketils sögu hængs*, 1. k.). Í íslenskum fornsögnum halda drekar sig jafnan fjarri mannabyggðum en byggja heldur ónumin svæði í ystu afkimum heimsins (sbr. Arngrímur Vídalín, *The Supernatural in Íslendingasögur*, 69–74 og 87–93).

108 *Ketils saga hængs*, 5. k.

109 Þessu svipar til stjúpmæðrasagna og minnisins um ofsótt börn konunga, sbr. Ármann Jakobsson, „The Hunted Children of Kings: A Theme in the Old Icelandic Sagas,“ *Scandinavica* 43 (2004): 5–27.

í nærliggjandi helli. Í þriðju för sinni, að þessu sinni til Finnmerkur, mætir Ketill tröllkonu og nær aðeins að bjarga nokkrum smjörlaufum af öllum sínum vistum sem hann þarf síðar að sjá á eftir í hendur hinna dularfullu Finna sem áður var getið.¹¹⁰ Eftir að Grímur sonur hans loðinkinni er kominn til sögunnar mæta þeir feðgar trölli við á eina og Ketill hrekr það á brott með vísu, en í henni segir meðal annarra orða: „Búsifjar okkrar / hygg ek batna munu“,¹¹¹ en þeim búsifjum veldur væntanlega veiðþjófnaður tröllsins úr ánni. Fjórðu veiðiferð sína fer Ketill því það „gerðist hallæri mikit, fyrir því at fiskrinn firrðist landit, en kornárit brást, en Ketill hafði fjölmennt, ok þóttist Sigríður þurfa fanga í búit“. Í þessari ferð mætir hann fleiri tröllum en svo lýkur að Ketill snýr aftur heim með fullt fang matar.¹¹²

Hið sama er uppi á teningnum í *Gríms sögu*, því þegar Grímur heldur af stað í leit að fæði heldur hann einnig út á jaðarinn, norður fyrir Finnmörk og austur til Gandvíkur. Þar er nógur veiðifangi, en morguninn eftir þegar þeir félagar eru klæddir sjá þeir að allur veiðifangi þeirra er á bak og burt. Þessu valda tvær tröllkonur.¹¹³ Tveim dögum síðar berst Grímur í neyð sinni um hvalreka en er særður til ólífis. Honum til bjargar kemur Geirríður Gandvíkurekkja, sem vægast sagt er ófrýnileg.¹¹⁴ Í ljós kemur að Geirríður er engin önnur en hin týnda heitmey Gríms í álögum. Hin illa Grímhildur stjúpmóðir hennar úr Finnmörk hafði lagt á hana þessi álög og er svo hegnt fyrir að belgur er dreginn yfir höfuð hennar og hún barin til dauða einsog hver önnur galdrakind.¹¹⁵ Aftur ýtir þetta undir tengsl Finna eða Sama við galdur. Þegar álögunum hefur svo verið aflétt af Lofthænu, heitmey Gríms, og „tröllkonuhamr“ hennar brenndur, þá eru veiðiföngin orðin nóg. Þannig eru tröll Hrafnistumannasagna ekki aðeins framandgerð sakir þess sem þau borða líkt og áður var drepit á, heldur virðast þau beinlínis éta alla aðra út á gaddinn séu þau ekki stöðvuð.

110 *Ketils saga hængs*, 3. k.

111 *Ketils saga hængs*, 4. k.

112 *Ketils saga hængs*, 5. k.

113 *Gríms saga loðinkinna*, 1. k.

114 *Gríms saga loðinkinna*, 2. k.

115 Hliðstætt dæmi má t.a.m. finna í *Gísla sögu Súrssonar*, útg. Björn K. Þórolfsson, Íslenzk fornrit, 6. b., *Vestfirðinga sögur* (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1943), 19. k.: „En er Þorkr frétti þessi fákynstr, þá ferr hann upp á Anmarkastaði ok lætr taka Auðbjörgu ok ferr með hana út á Saltnes ok berr hana grjóti í hel. Ok er þetta er liðit, ferr Gísli heiman ok kemr á Nefsstaði ok tekr Þorgrím nef höndum ok færir á Saltnes, ok er dreginn belgr á höfuð honum, ok er barðr grjóti til bana ok er kasaðr hjá systur sinni“.

Lengst og langsamlega flóknust allra Hrafnistumannasagna er *Örvar-Odds saga*. Örvar-Oddur verður frægur að endemum fyrir Bjarmalandsför sína svo að öll hans síðari verk falla ætíð í skuggann af þessu eina bernskubreki, en í Bjarmalandi drepur hann í og með heila hirð trölla og höfðingja þeirra með; þar með stendur Oddur vel undir fjölskyldufyrirtækinu sem tröllkonan Feima í *Gríms sögu* vísar til þegar hún segir að þeir fedgar Ketill og Grímur séu „meir lagðir til þess en aðrir menn at drepa niðr tröll ok bergbúa“. ¹¹⁶ Það fer hvergi á milli mála að Bjarmar *Örvar-Odds sögu* eru eintómir jötnar og tröll. ¹¹⁷ Sverrir Jakobsson telur að Bjarmar séu í raun Kirjálar og að Bjarmaland sé þá Karelía, sem nú tilheyrir Rússlandi en sögulega liggur á mörkum Finnlands og Rússlands. Kirjálar voru í senn „auðugir en einnig göldróttir og fornir í lund [...] þeir voru einnig viðsjálir og hættulegir.“ ¹¹⁸ Í *Brennu-Njáls sögu* mætir Þorkell hákur finngalkni austan við Bálagarðssíðu (Finnlandi) og flugdreka í Aðalsýslu (Eistlandi), ¹¹⁹ svo það er ljóst að þessar slóðir hafa þótt tilheyra nokkurs konar jaðri. ¹²⁰

Það er ekki hægt að ræða *Örvar-Odds sögu* án þess að taka mið af ólíkum gerðum hennar. Elsta gerðin telur Fulvio Ferrari að sé samin í alvarlegu skyni sem heimili höfundu ekki neinn gálgahúmor. Sagan samanstandi af hefðbundnum frásögnum í bland við þætti og minni úr Biblíunni og andheiðnum kristilegum ritum, en sett saman á slíkan hátt að mikilvægi kristinnar trúar komi skýrt fram. Við yngstu og lengstu gerðina segir Ferrari að evrópskum frásagnarhefðum og hálærðri alfræði hafi verið bætt og þannig hafi orðið til blandaður texti, og að ólíkir hlutar sögunnar eigi sér þannig stað í ólíkum heimum. Á sama tíma og risarnir í Bjarmalandi eru óvættir sem Oddi er nauðsynlegt að drepa eru risarnir í Risalandi fallegir og göfugir, en ritari yngri gerðarinnar gerir á hinn bóginn ekki mikinn greinarmun á þeim. ¹²¹

Í lengri gerðinni er bætt inn nokkurs konar upprunasögu Ögmundar

116 *Gríms saga loðinkinna*, 1. k.

117 Sjá t.d. *Örvar-Odds sögu*, 6. k.

118 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 255–6.

119 *Brennu-Njáls saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslensk fornrit, 12. b. (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954), k. 119.

120 Sbr. Arngrímur Vídalín, *The Supernatural in Íslendingasögur*.

121 Fulvio Ferrari, „Possible Worlds of Sagas: The Intermingling of Different Fictional Universes in the Development of the Fornaldarsögur as a Genre,“ í *The Legendary Sagas*, 283–4.

Eyþjófsbana í frásögn Óðinsmyndarinnar Rauðgrana,¹²² og eru Bjarmar sagðir hafa látið „seiða at Ögmundi, svá at hann skyldi engi járn bíta atkvæðalaus. Því næst blótuðu þeir hann ok trylldu¹²³ hann svá, at hann var engum mennskum manni líkr.“¹²⁴ Rauðgrani segir einnig frá móður Ögmundar sem áður var gýgur en hefur nú breyst í finngálkn og liggur á skógum og leitar Odds. Ögmundur er einnig sagður vera tröll og við sögulok kemur í ljós að Oddur getur ekki drepit Ögmund því að hann er ekki síður andi en maður.¹²⁵ Hér eru ljós tengsl Bjarma við galdur og þar með trölldóm,¹²⁶ og Ögmundur er af gýgi kominn. En Oddur er sjálfur af ættum trölla, er líkt við tröll¹²⁷ og hefur einnig verið magnaður upp þótt á annan hátt sé, með galdraörvum og brynju, svo ef til vill er ekki óeðlilegt að velta upp þeirri spurningu hvort nokkur munur sé á þeim þegar öllu er á botninn hvolft.¹²⁸ Ögmundur er magnaður upp til að hefna fyrir Bjarmalandsförina, en frá upphafi reynir hann að friðmælast við Odd þvert á þær fyrirætlanir sem Rauðgrani ætlar honum, og vill sá síðarnefndi þó sjálfur að Oddur friðmælist við Ögmund. Það er Oddur sem fyrir enga muni vill sættast. Fæðardeilur þeirra snúast fyrst og fremst um hefnd og heiður, rétt einsog fæðardeilur Íslendingasagna. Ögmundur er því sennilega mennskasti andstæðingur Örvar-Odds þrátt fyrir allan sinn trölldóm og óljósa tilveru í efnisheiminum að mennskan er fremur skilgreind af atferli en öðrum eiginleikum; það er sannarlega hægt að fæðast tröll, en eins

122 Þar er ég meira sammála Ferrari sem segir að „the identification of Rauðgrani with Óðinn is not authenticated by the narrative voice, which simply attributes it to a diffused opinion“ („Possible Worlds of Sagas,“ 279–80), en Annette Lassen sem samþykkir gagnrýnislaust að hér sé Óðinn á ferðinni („Den prosaiske Odin. Fortidssagaerne som mytografi,“ í *Formaldarsagornas struktur och ideologi: Handlingar från ett symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001*, ritstj. Ármann Jakobsson et al., Nordiska texter och undersökningar, 28. b. (Uppsölum: Uppsala Universitet, 2003), 205–19.

123 Ármann Jakobsson hefur bent á tengsl sagnarinnar *trylla* í þessu samhengi við tröll, „Hvað er tröll?“, 101–3.

124 *Örvar-Odds saga*, 19. k.

125 *Örvar-Odds saga*, 30. k.

126 Sjá Ármann Jakobsson, „Hvað er tröll?“

127 Sjá *Örvar-Odds sögu*, 4. k.

128 Eina af ýmsum tülkunum á sömu hugmynd má finna hjá Martin Arnold, „Við þik sættumsk ek aldri. Örvar-Odds saga and the Meanings of Ögmundr Eyþjófsbani,“ í *Making History: Essays on the Formaldarsögur*, ritstj. Martin Arnold et al. (Lundúnun: Viking Society for Northern Research, 2010), 95–98.

algennt er að menn verði tröll,¹²⁹ og vegna þess hve líkir þeir eru er erfitt að fallast á mennsku Örvar-Odds nema Ögmundur njóti hennar einnig. Þannig varpar lengri gerð Örvar-Odds sögu óvænt upp þeirri spurningu hvort trölllið búi ef til vill innra með okkur öllum. *Hinn* er ekki til nema í samanburði við *sjálfið*.¹³⁰

Eina Hrafnistumannasögu hef ég ekki enn nefnt, en það er *Áns saga bogsveigis*, sem nokkuð hafa verið skiptar skoðanir um hvort tilheyri í raun og veru þeirri sagnaheild.¹³¹ Sagan er sannarlega töluvert frábrugðin öðrum Hrafnistumannasögum, en þegar Án snýr aftur til ættarlenda sinna í Hrafnistu undir lok sögunnar átti hann „opt at berja um þær skinnkyrtlur norðr þar, ok þótti hann inn mesti maðr fyrir sér“.¹³² Hér er freistandi að álykta undir eins að um tröllkonur sé að ræða.¹³³ Það þarf þó að sýna aðgát í því sem öðru enda getur „skinnkyrtla“ hæglega verið fjarska venjuleg kona þótt hún sé jöðruð sakir klæðnaðar. Það virðist til dæmis vera tilfellið í Grænlandsför Þorgils og félaga í Melabókargerð *Flóamanna sögu*¹³⁴ sem jafnframt er elsta varðveitta brotið.¹³⁵

Um morguninn, er Þorgils kom út, sá hann rekald mikit í vök einni ok þar [hjál] konur tvær í skinnkyrtlum, ok bundu sér byrðar ákaflika [m]iklar. Þorgils hleypr þagat til ok höggr þegar til annarrar með sverðinu Jarðhússnaut, í því er hon færðist undir byrðina, ok rekr af henni höndina uppi viðr öxlina. Byrðrin fell niðr, en hon hljóp á burt. Þeir taka <reka>ldit undir sik, ok er þá eigi vistarskortr um vetrinn.¹³⁶

129 Sbr. Ármann Jakobsson, „Identifying the Ogre“.

130 Sbr. „Myndin af ‚hinum‘ er um leið mynd af ‚okkur“, Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, 33.

131 Leslie hefur nýverið fært skynsamleg rök fyrir því að *Áns saga* sé hluti af sömu frásagnarhefð um Hrafnistumenn, þrátt fyrir hve frábrugðin hún er öðrum Hrafnistumannasögum, „The Matter of Hrafnista“, 169–208. Um andstætt sjónarmið, sjá t.d. Sean Hughes, „The Literary Antecedents of *Áns saga bogsveigis*,“ *Mediaeval Scandinavia* 9 (1976): 196–235.

132 *Áns saga bogsveigis*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:7. k.

133 Það gerir útgefendi *Flóamanna sögu* í Íslenzkum fornritum, Þórhallur Vilmundarson, sbr. *Flóamanna saga*, útg. Þórhallur Vilmundarson, Íslenzk fornrit, 13. b., 290, nmgr. 1.

134 AM 445 B 4to.

135 Sjá Íslenzk fornrit, 13. b., cxxxiv—cxlii.

136 *Flóamanna saga*, 24. k.

Árásin kann að virðast tilefnislaus, en þeir Þorgils og félagar eru matarlausir og því ekki yfir það hafnir að grípa til örþrifaráða. Þó vekur athygli að eftir að hönd annarrar konunnar hefur verið tekin af henni með sverðsegg, þá fellur hún ekki dauð niður heldur hleypur hún á brott. Konur í skinnkyrtlum eru framandlegar og það sannast á því þegar þær lifa af náðarhöggið. Þó að þær kynnu að virðast eðlilegar á yfirborðinu þá kemur skinnkyrtillinn upp um þeirra rétta eðli, enda reynast þær búa yfir yfirnáttúrlegum styrk og það virðist réttlæta árásina. Áhugaverð lesbrigði birtast síðan í yngri gerðum sögunnar þar sem skinnkyrtlurnar eru orðnar að tröllkonum,¹³⁷ en í Melabókargerðinni er ekkert sem gefur sérstaklega til kynna að um tröllkonur sé að ræða, þótt ekkert mæli sérstaklega í móti því heldur.

Fleiri dæmi styðja þá greiningu að skinnkyrtlurnar sem Án treður ill-sakir við séu tröllkonur. Í *Sturlaugs sögu starfsama* hitta þeir félagar Áki, Framarr og Sturlaugur hver sína konuna um nótt eftir að hafa siglt á alræmdar tröllaslóðir „norðr fyrir Hálogaland ok Finnmörk ok Vatnsnes ok inn á Austrvík“, en allir þurfa þeir að spyrja hvors kyns sé þegar þeir mæta þeim. Gefið er í skyn að þær séu allar systur, og sú fyrsta þeirra, Torfa, er sögð vera í skinnkyrtli. Reynist svo hver vera tröllslegri en sú á undan og þær fyrri tvær biðja um far út í eyju nokkra þar sem þær þurfa að vitja föðurarfs. Torfu er engin skotaskuld úr því að vaða langa leið í eyna eftir að hafa þegið far með bát Áka og það sama gildir um þá næstu, Hildi. Um Hildi er ennfremur sagt, þegar hún fer upp í bát Framars, að „þótti honum ærit mjök síga bátrinn, er hún kom út á“. Sú þriðja heitir Hornnefja og sú er sýnu djöfullegust. Hornnefja er eina systirin sem ekki biður um far út í eyna, sem gæti bent til að hún sé í raun ekki ein systranna þótt það sé ef til vill ólíklegra, heldur vill hún fá að hitta vin Sturlaugs, Hrólfi nefju. Þegar Hrólfi hefur verið stefnt á móts við hana „þrútnar hún í vexti mjök“ og sýnir þannig sitt rétta tröllseðli, hafi hún ekki gert það fyrr. Áður en hún fær náð til Hrólfs leggur Sturlaugur hana í gegn með atgeir.¹³⁸

Í *Norna-Gests þætti* er sagt frá gýgi: „Hún var úti fyrir hellis dyrum ok var í skinnkyrtli ok svört yfirlits“.¹³⁹ Og ef við snúum okkur aftur að

137 Sama rit, sama stað.

138 *Sturlaugs saga starfsama*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 2:16. k. Sjá einnig túlkun Jóhönnu Katrínar Friðriksdóttur á þessum kafla í *Women in Old Norse Literature*, 67–68.

139 *Norna-Gests þáttur*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:9. k.

Hrafnistumannasögum þá er í tvígang minnst á skinnkyrtla í *Ketils sögu*. Í einvígi við Ála fær Ketill sverðalag á ennið og kveður þá vísu þar sem koma fyrir óræðu orðin „skrapa skinnkyrtlar. / Skjálfa járnserkir.“ Þegar í næsta kafla mætir hann „tröllkonu í berum skinnkyrtli. Hún var nýkomin af hafi ok svört sem bik væri“. ¹⁴⁰ Auk hennar mætir Grímur loðinkinni tveim tröllum sem „váru í stuttum ok skörpum skinnstökkum bæði. Gerla sá hann, hversu þau váru í sköpun bæði í millum fótanna“. ¹⁴¹ Þetta gildir einnig um Geirriði Gandvíkurekkju sem er í „skörpum skinnstakki“ ¹⁴² og ein fyrnefndra tröllkvenna sem Örvar-Oddur mætir á ferðum sínum er „í skinnkyrtli ok mikil vexti ok illilig, svá at þeir þóttust ekki kvikvendi slíkt sét hafa“. ¹⁴³ Og séum við enn ekki fyllilega sannfærð er þessi að minnsta kosti útlekkingin í áttundu rímu *Áns rímna bogsveigis*:

Ef uilldv garpj veita sman
vættir klæddar skinne
þegar at glettuzt þær vid An
þeirra hlutur var minnj. ¹⁴⁴

Þannig inniber jafnvel jaðarsagan í hópi Hrafnistumannasagna sama þema; þó að helstu ævintýri Áns séu með töluvert öðru móti en ættmenna hans þá gerist hann samt sem áður tröllabani að lokum. ¹⁴⁵

Tröll eru ekki nauðsynlega framandi, ekki nema þau séu gerð framandi. Surtur í *Ketils sögu hængs* brýtur velsæmismörk að mati Ármanns Jakobssonar — mannát er nægileg siðferðileg ástæða til að drepa hann. Grímur loðinkinni drepur tvö tröll í helli sem sést millum fótanna á, og þannig eru þau einnig framandgerð; afmennskun þeirra felst í hinu

140 *Ketils saga hængs*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:4.–5. k.

141 *Gríms saga loðinkinna*, 1. k.

142 *Gríms saga loðinkinna*, 2. k.

143 *Örvar-Odds saga*, 5. k.

144 *Áns rímur bogsveigis*, útg. Ólafur Halldórsson, Íslenzkar miðaldarímur, 2. b., Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit, 4. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1973), 178 (8. ríma, vísa 44).

145 Pizarro, „Transformations of the Bear’s son Tale“, hefur einnig bent á að afkomendur Hrafnistumanna eiga það til að vera berserkir og tröllabnar, og til þeirra teljast meðal annarra Kveld-Úlfur og hans ættmenn, sem bera í sér bjarnargenið, og Grettir Ásmundarson og Ormur Stórolfsson, tröllabnar. Svo það er ljóst að hlutverk Hrafnistumanna sem útvarða og verndara gegn tröllum hefur verið ríkt í frásagnarhefðinni um þá.

dýrslega blygðunarleysi sem stundum er undirstrikað með því að sýna þau í skinnkyrtli einum fata, en að öðru leyti virðast þau fremur vera ófreskjur sakir staðsetningar sinnar á hinum landfræðilega jaðri en vegna þess að þau hegði sér endilega tröllslegar en aðrar sögupersónur. Það má með öðrum orðum lesa í gegnum textann afstöðu til þjóðarbrotu sem ekki deildu lífsmáta og heimssýn með norrænu fólki. Þetta er alveg það sama og er á ferðinni hjá Ísidór þegar hann segir, í lauslegri þýðingu minni: „Rétt einsog meðal einstakra þjóða finnast ófreskir einstaklingar, þá meðal mannkyns í heild sinni eru ófreskir kynþættir, svo sem Risarnir, Hundshöfðarnir, Kýklópar og fleiri.“¹⁴⁶ Það helst saman við þá ábendingu Ármanns Jakobssonar að hið villimannslega eðli fornaldarsagnarisanna virðist skipa þeim í flokk mannlegrar andstæðu, og þá megi auðveldlegar túlka sem djöfla eða ófreskjur en þá heillum horfnu forfeður okkar sem við sjáum í *Eddu*,¹⁴⁷ og þar með förum við ef til vill að nálgast kjarna málsins.

Um það vitna heimildir að talið var að fólk væri komið af risum eða að öðru leyti bundið skyldleikum við risa, en sömu heimildir greina jafnframt *okkur frá þeim*. Einhversstaðar skiljast greinarnar sundur í fólk, siðmenniingu og rétta trú annars vegar, en hins vegar í eftirlegukindur frá fornum tíma, ófreskjur sem ríktu í andstöðu við Guð og rétta siði. Þessar ófreskjur bíða endurkomu síns tíma á jaðarsvæðum veraldar þaðan sem þær munu fyllkja liði með Andkristi í stórkostlegri heimsendaorrustu. Þessi heimskilningur var ekki ókunnur íslenskum lærdómsmönnum á miðöldum og hann var sannarlega ekki ókunnur skrifurum Hrafnistumannasagna. Í þeim mætist jaðarinn og ófreskjan í hinum tröllslegu andskotum kristinnar, sem sífellt færa út kvíarnar í óhelgri andstöðu við samfélag og rétta siði.

4. Lokaorð

Fornaldarsögur voru ósennilega sérstök grein bókmennta á Íslandi á miðöldum. Svipaða sögu er að segja af öðrum greinum íslenskra miðalda-bókmennta, en ekkert bendir til þess að sérstakur skilningur á ólíkum bókmenntagreinum hafi legið að baki þeim. Miðaldafræðingnum ber hinsvegar skylda til að einskorða sig einsog honum framast er unnt við þekkingarstigið á því tímabili sem hann ætlar sér að rannsaka, að minnsta kosti

¹⁴⁶ *The Etymologies of Isidore*, 244.

¹⁴⁷ Ármann Jakobsson, „Identifying the Ogre,“ 191–93.

að því marki að hann þröngvi ekki nútímalegum sjónarmiðum sínum upp á fortíðina. Því hlýtur hann að kosta kapps um að forðast að þröngva heimildum sínum í skáldskaparfræðileg mót sem þær eiga ekki heima í, þó að íslenskar miðaldabókmenntir þiggi sannarlega víðtæk áhrif frá erlendum hugmyndastráumum.

Það væri því ef til vill frjórri að líta sem svo á að Íslendingar hafi fyrst og síðast ritað sögur, eftir því sem þeir sjálfir kölluðu það, sem saman mynda einhvers konar heild. Gamla testamentið er að stórum hluta etnógráfía eða þjóðarsaga sem svonefndar íslenskar veraldarsögur byggðust á, til að mynda *Stjórn* og *Veraldar saga*. Biblían var upphaf og endir allrar mannkynssögu sem hægt var að staðfesta, hún var lögmálið, og því voru veraldarsögur í grunninn endursagnir á Biblíunni. Í þær veraldarsögur var oft bætt við annarri mannkynssögu sem heimildir voru fyrir, svo sem *Alexanders sögu*, *Rómverja sögu* og *Trójumanna sögu*. Þá tóku við *Þiðreks saga* og *Karlamagnúss saga* og fleiri goðsagnakenndar sögur af riddurum og fornaldarköppum Norðurlanda svo sem hin samhangandi heild Hrafnistumannasagna. Um upphaf Íslandsbyggðar fjalla *Íslendingabók* og *Landnámabók*, þar sem afkomenda Hrafnistumanna er meðal annarra getið, og þar er heldur aukið á sambengið við ytri atburði heimssögunnar fremur en hitt. Við taka Íslendingasögur, byskupasögur og sagnasafnið um Sturlungaöld sem í sjálfu sér er ekki formlega frábrugðið Íslendingasögum. Allar snúast þessar bókmenntir um að finna Íslandi stað í stærri heimi.

Það má rekja sömu þræði í gegnum allar þessar bókmenntir sem að ósekju hafa verið flokkaðar í sundur; með öðrum orðum er margt sem bendir til þess að íslensk sagnarit séu fyrst og fremst tilraun Íslendinga til að rita sögu sína inn í sögu mannkyns til samtímans, það er að segja hins sjötta heimsaldurs — þess síðasta fram að endalokum heimsins. Rétt einsog Ari fróði reynir að kristna Ísland í öndverðu með því að segja að Papar hafi komið hingað á undan norrænum mönnum,¹⁴⁸ þá má rekja í kristnum ritum um forkristna tíð tillhneigingu til að gera heiðnar söguhetjur hálfkristnar inn við beinið. Sambærilegar hugmyndir má finna í *Völuspá* (og endursögn *Snorra-Eddu* á henni) um heimsendi og þær sem finna má í Biblíunni, þegar hinir fornu risar losna úr þrisund sinni og ráðast af alefli

148 *Íslendingabók*, útg. Jakob Benediktsson, Íslensk fornrit, 1. b., *Íslendingabók - Landnámabók* (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968), 1. k. Sjá einnig Lindow, „Íslendingabók and Myth“ og Hermann, „Íslendingabók and History“.

gegn þeim mennska heimi sem liggur á milli þeirra og Guðs. Í hvoru liðinu sem er má finna afkomendur þeirra, svo sem göfuga trúleysingjann og tröllabanann Örvar-Odd, og svo hið illa, til dæmis Surt í *Ketils sögu* sem helst líkist mannætum Skýþíu í kristilegum heimildum. Tröllin úr fornaldarsögunum eru því ekkert sérlega frábrugðin öðrum ófreskjum sem tilheyrðu heimsmynd miðalda — þau eiga uppruna sinn í sömu félagslegu smíðinni (e. *social construct*).

Íslendingar tilheyra hinum kristna heimi og gerðu það áður en þeir urðu kristnir. Það gátu þeir sýnt fram á með því að gera jafnvel heiðnustu forfeður að göfugum tröllabönum og verndara rétttra gilda, líkt og undirstrikað er með andúð Ketils hængs á Óðni¹⁴⁹ og því þegar Örvar-Oddur sver uppdiktaðan vikingaeið sem er grunsamlega siðferðislega kórréttur.¹⁵⁰ Þar með hefur Ísland verið fært með handafli af jaðri heimsins og lifandi tengsl þess við kristindóminn undirstrikuð. Jaðarinn er heldur færður til Norður-Noregs, Finnlands, Karelíu og til Grænlands, þar sem norrænir menn berjast við Skrælingja, einfótunga, finngálkn og önnur tröll og sanna sig þannig sem ystu útverðir kristindómsins á norðurslóðum.

HEIMILDASKRÁ

FRUMHEIMILDIR

- Alexandris, það er Alexanders saga á íslensku.* Útg. Gunnlaugur Ingólfsson. Reykjavík: Steinholt, 2002.
- Arngrímur Jónsson. *Crymogæa: Þettir úr sögu Íslands.* Útg. og þýð. Jakob Benediktsson. Safn Sögufélags, þýdd rit síðari alda um Ísland og Íslendinga. 2. b. Reykjavík: Sögufélag, 1985.
- Heilagur Ágústínus. *The City of God Against the Pagans.* Þýð. G.E. McCracken et al. 7 b. The Loeb Classical Library. 411.–417. b. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1965.
- Áns rímur bogsveigis.* Útg. Ólafur Halldórsson. Íslenzkar miðaldarímur. 2. b. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit. 4. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1973.

149 *Ketils saga hængs*, 5. k.

150 *Örvar-Odds saga*, 9. k. Um uppruna þessa vikingaeiðs, sjá Carolyne Larrington, „A Viking in Shining Armour? Vikings and Chivalry in the Fornaldarsögur,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 5 (2009): 269–88.

- Áns saga bogsveigis*. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- Bergþúa þátr*. Útg. Þórhallur Vilmundarson. Íslenzk fornrit. 13. b., *Harðar saga*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1991.
- Biblían: Heilög ritning*. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag og JPV útgáfa, 2007.
- Brennu-Njáls saga*. Útg. Einar Ól. Sveinsson. Íslenzk fornrit. 12. b. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954.
- Edda Snorra Sturlusonar udgivet efter håndskrifterne*. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn: Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, 1931.
- Flóamanna saga*. Útg. Þórhallur Vilmundarson. Íslenzk fornrit. 13. b., *Harðar saga*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1991.
- Gísla saga Súrssonar*. Útg. Björn K. Þórólfsson. Íslenzk fornrit. 6. b., *Vestfirðinga sögur*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1943.
- Gríms saga loðinkinna*. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- Gyðinga saga*. Útg. Kirsten Wolf. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit. 42. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1995.
- Hauksbók: Udgiven efter de Arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4°, samt forskellige papirshåndskrifter*. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn: Kongelige nordiske oldskrift-selskab, 1892–96.
- The Icelandic Physiologus: Facsimile Edition with an Introduction*. Útg. Halldór Hermannsson. Islandica. 27. b. Íþöku: Cornell University Press, 1938.
- Islandske annaler indtil 1578*. Útg. Gustav Storm. Det norske historiske Kildeskriftfonds Skrifter. 21. b. Ósló: Norsk historisk kildeskriftfond, 1888.
- Ísidór frá Sevilla. *The Etymologies of Isidore of Seville*. Útg. og þýð. Stephen A. Barney, W.J. Lewis, J.A. Bach og Oliver Berghof. Cambridge: Cambridge University Press, 2006.
- Íslendingabók*. Útg. Jakob Benediktsson. Íslenzk fornrit. 1. b., *Íslendingabók - Landnámaabók*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.
- Ketils saga hængs*. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- Norna-Gests þátr*. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- Oddaannálar og Oddverjaannáll*. Útg. Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Ása Grímsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit. 59. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2003.
- Saxo Grammaticus. *Gesta Danorum: Danmarkshistorien*. Útg. Karsten Friis-Jensen. Þýð. Peter Zeeberg. 2 b. Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab, Gads Forlag, 2005.
- Sturlaugs saga starfsama*. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 2. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- The Uppsala Edda: DG 11 4to*. Útg. Heimir Pálsson. Þýð. Anthony Faulkes. Lundúnum: Viking Society For Northern Research, 2012.

- Úlfþams saga. Útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rit. 53. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001.
- Veraldar saga. Útg. Jakob Benediktsson. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur. 61. b. Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1944.
- Yngvars saga víðförla. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 3. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.
- Örvar-Odds saga. Í *Fornaldarsögur Norðurlanda*. 3 b. Útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1. b. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943–44.

FRÆÐIRIT

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „The Origin and Development of the Fornaldarsögur as Illustrated by Völsunga saga.“ Í *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, 59–81. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012.
- Arngrímur Vídalín. *The Supernatural in Íslendingasögur: A Theoretical Approach to Definition and Analysis*. Reykjavík: Tower Press, 2012.
- Arnold, Martin. „Við þik sættumsk ek aldri. Örvar-Odds saga and the Meanings of Ogmundr Eyþjófsbani.“ Í *Making History: Essays on the Fornaldarsögur*. Ritstj. Martin Arnold og Alison Finlay, 85–104. Lundúnum: Viking Society for Northern Research, 2010.
- Ashurst, David. „Journey to the Antipodes: Cosmological and Mythological Themes in Alexanders saga.“ Í *Old Norse Myths, Literature and Society: Proceedings of the 11th International Saga Conference 2.–7. July 2000. University of Sydney*. Ritstj. Geraldine Barnes og Margaret Clunies Ross, 1–13. Sydney: Centre for Medieval Studies, University of Sydney, 2000.
- Ármann Jakobsson. „The Hunted Children of Kings: A Theme in the Old Icelandic Sagas.“ *Scandinavica* 43 (2004): 5–27.
- . „The Good, the Bad and the Ugly: Bárðar saga and its Giants.“ Í *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature: Sagas and the British Isles. Preprint Papers of the 13th International Saga Conference Durham and York, 6th–12th August, 2006*. Ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick, 54–62. Durham: Durham University, The Centre for Medieval and Renaissance Studies, 2006.
- . „Hvað er tröll? Galdrar, tröllskapur og samfélagsóvinir.“ Í *Galdramenn: Galdrar og samfélag á miðöldum*. Ritstj. Torfi H. Tulinius, 95–119. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008.
- . „The Trollish Acts of Þorgrímr the Witch: The Meanings of Troll and Ergi in Medieval Iceland.“ *Saga-Book* 32 (2008): 39–68.
- . „Identifying the Ogre: The Legendary Saga Giants.“ Í *Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. Rit-

- stj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen, 181–200. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Forlag, 2009.
- . „Íslenskir draugar frá landnámi til lúterstrúar: Inngangur að draugafræðum.“ *Skírnir* 184, nr. 1 (2010): 187–210.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989.
- Clunies Ross, Margaret. *Skáldskaparmál: Snorri Sturluson's Ars Poetica and Medieval Theories of Language*. The Viking Collection. 4. b. Óðinsvéum: Odense University Press, 1987.
- . „Fornaldarsögur as Fantastic Ethnographies.“ Í *Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen, 317–30. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Forlag, 2009.
- Cohen, Jeffrey Jerome. *Of Giants: Sex, Monsters, and the Middle Ages*. Medieval Cultures. 17. b. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1999.
- Corazza, Vittoria Dolcetti. „Crossing Paths in the Middle Ages: The Physiologus in Iceland.“ Í *The Garden of Crossing Paths: The Manipulation and Rewriting of Medieval Texts. Venice, October 28.–30., 2004*. Ritstj. Marina Buzzoni og Massimiliano Bampi, 225–48. Feneyjum: Libreria Cafoscarina, 2005.
- Ferrari, Fulvio. „Possible Worlds of Sagas: The Intermingling of Different Fictional Universes in the Development of the Fornaldarsögur as a Genre.“ Í *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, 371–89. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012.
- Friedman, John Block. *The Monstrous Races in Medieval Art and Thought*. Syracuse, NY: Syracuse University Press, 2000.
- . „Monsters at the Earth's Imagined Corners: Wonders and Discovery in the Late Middle Ages.“ Í *Monsters, Marvels and Miracles: Imaginary Journeys and Landscapes in the Middle Ages*. Ritstj. Leif Søndergaard og Rasmus Thorning Hansen, 41–64. Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2005.
- Gottskálf Jenson. „Were the Earliest Fornaldarsögur Written in Latin?“ Í *Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen, 79–91. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Forlag, 2009.
- Harris, Joseph. „Genre in the Saga Literature: A Squib.“ *Scandinavian Studies* 47 (1975): 427–36.
- Helga Kress. *Máttugar meyjar: Íslensk fornþekkingarsaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1991.
- Hermann Pálsson. *Úr landnorðri: Samar og ystu rætur íslenskrar menningar*. Studia Islandica. 54. b. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1997.
- Hermann, Pernille. „Íslendingabók and History.“ Í *Reflections on Old Norse Myths*. Ritstj. Pernille Hermann, Jens Peter Schjødt og Rasmus Tranum Kristensen, 17–32. Studies in Viking and Medieval Scandinavia. 1. b. Turnhout: Brepols, 2007.

- . „Founding Narratives and the Representation of Memory in Saga Literature.“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore*, 66 (2010): 69–87.
- Hughes, Sean. „The Literary Antecedents of Áns saga bogsveigis.“ *Mediaeval Scandinavia* 9 (1976): 196–235.
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*. The New Middle Ages. New York: Palgrave Macmillan, 2013.
- Kirby, Ian. *Biblical Quotation in Old Icelandic-Norwegian Religious Literature*. 2 b. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit. 9.–10. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1976–80.
- Kline, Naomi Reed. *Maps of Medieval Thought: The Hereford Paradigm*. Woodbridge: Boydell Press, 2001.
- . „The World of Strange Races.“ *Í Monsters, Marvels and Miracles: Imaginary Journeys and Landscapes in the Middle Ages*. Ritstj. Leif Søndergaard og Rasmus Thorning Hansen, 27–40. Óðinsvéum: University Press of Southern Denmark, 2005.
- Larrington, Carolyne. „A Viking in Shining Armour? Vikings and Chivalry in the Fornaldarsögur.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 5 (2009): 269–88.
- Lassen, Annette. „Den prosaiske Odin. Fortidssagaerne som mytografi.“ *Í Fornaldarsagornas struktur och ideologi: Handlingar från ett symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001*. Ritstj. Ármann Jakobsson, Annette Lassen og Agneta Ney, 205–19. Nordiska texter och undersökningar. 28. b. Uppsölum: Uppsala Universitet, 2003.
- . „Origines Gentium and the Learned Origin of Fornaldarsögur Norðurlanda.“ *Í The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, 33–58. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012.
- Leslie, Helen F. „The Matter of Hrafnista.“ *Quaestio Insularis* 11 (2010): 169–209.
- Lindow, John. „Íslendingabók and Myth.“ *Scandinavian Studies* 69 (1997): 454–64.
- Lönnroth, Lars. „The Concept of Genre in Saga Literature.“ *Scandinavian Studies* 47 (1975): 419–36.
- Mitchell, Stephen A. *Heroic Sagas and Ballads*. Myths and Poetics. Íþöku: Cornell University Press, 1991.
- . „The Supernatural and the Fornaldarsögur: The Case of Ketils saga hængs.“ *Í Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen, 281–98. Kaupmannahöfn: Museus Tusculanums Forlag, 2009.
- Mittman, Asa Simon. „The Other Close at Hand: Gerald of Wales and the ‘Marvels of the West’.“ *Í The Monstrous Middle Ages*. Ritstj. Bettina Bildbauer og Robert Mills, 97–112. Toronto: University of Toronto Press, 2003.
- Motz, Lotte. *The Beauty and the Hag: Female Figures of Germanic Faith and Myth*. Philologica Germanica. 15. b. Vín: Fassbaender, 1993.
- Nerman, Birger. *Studier över Svärges hedna litteratur*. Uppsölum: K.W. Appelbergs boktryckeri, 1913.

- Phelpstead, Carl. „Adventure-Time in Yngvars saga víðförla.“ Í *Fornaldarsagaerne: myter og virkelighed. Studier i de oldislandske fornaldarsögur Nordurlanda*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen 331–46. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanums Forlag, 2009.
- Pizarro, Joaquin Martinez. „Transformations of the Bear's Son Tale in the Sagas of the Hrafnistumenn.“ *Arv: Nordic Yearbook of Folklore* 32–33 (1976–77): 263–81.
- Price, Neil. *The Viking Way: Religion and War in Late Iron Age Scandinavia*. Uppsölum: Uppsala University, 2002.
- Quinn, Judy et al. „Interrogating Genre in the Fornaldarsögur: A Roundtable Discussion.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 2 (2006): 275–96.
- Sigurður Nordal. „Sagalitteraturen.“ Í *Nordisk kultur*. 8. b., B, *Litteraturhistoria*. B: *Norge og Island*. Stokkhólmi: Albert Bonnier, 1953.
- Spurkland, Terje. „Lygisögur, skröksögur and stjúpmæðrasögur.“ Í *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, 173–84. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012.
- Straubhaar, Sandra Ballif. „Nasty, Brutish, and Large: Cultural Difference and Otherness in the Figuration of the Trollwomen of the Fornaldar sögur.“ *Scandinavian Studies* 73 (2001): 105–24.
- Svanhildur Óskarsdóttir. *Universal History in Fourteenth-Century Iceland: Studies in AM 764 4to*. Doktorsritg., University of London, 2000.
- _____. „Um aldir alda: Veraldarsögur miðalda og íslenskar aldartölur.“ *Ritið* 5 (2005): 111–33.
- Sverrir Jakobsson. *Við og veröldin: Heimsmynd Íslendinga 1100–1400*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.
- _____. „Myndirnar af heiminum: Um heimsbelli, heimskringlur og Vínlandsferðir norræna manna.“ Í *Vísindavefur: Ritgerðasafn til heiðurs Þorsteini Vilhjálmsyni sjötugum*. Ritstj. Einar H. Guðmundsson et al., 231–38. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.
- _____. „Hin heilaga fortíð: Söguvitund og sameiginlegt minni í handritunum Hauksbók og AM 226 fol.“ *Ritið* 13 (2013): 147–64.
- Sverrir Tómasson. „Ferðir þessa heims og annars: Paradís – Ódáinsakur – Vínland í íslenskum ferðalýsingum miðalda.“ *Gripla* 12 (2001): 23–40.
- _____. „Heimsaldrar og annálar.“ Í *Íslensk bókmenntasaga*. 1. b. Ritstj. Vésteinn Ólason. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Torfi H. Tulinius. *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland*. Þýð. Randi C. Eldevik. The Viking Collection. 13. b. Óðinsvéum: Odense University Press, 2002.
- Þorsteinn Vilhjálmsson. *Heimsmynd á hverfanda hveli: Sagt frá heimssýn vísindanna frá öndverðu fram yfir daga Newtons*. 1. b., *Heimsmynd vísinda frá öndverðu til Kópernikusar*. Reykjavík: Mál og menning, 1986.

SUMMARY

„Er þat illt, at þú vilt elska tröll þat“: The Historical Context of Marginalization in the Hrafnistumannasögur

Keywords: Trolls, *fornaldarsögur*, monsters, otherness, Christianity, universal history.

This essay examines trolls (*tröll*) in those legendary sagas concerned with the progeny of Hallbjörn half-troll from the Norwegian island Hrafnista. It is argued that their characterization in the sagas and their peripheral status is rooted in Christian concepts of civilization, ideology and world view, concepts which themselves are in part derived from classical sources. Indeed, this is the world view the saga writers would be most familiar with. The analysis is achieved through a reading of the sagas as part of greater universal history writing, rather than as pertaining to a specific literary genre. In order to propose an answer to the question what a troll is in the context of the Hrafnistumannasögur, both Christian and mythological sources are consulted in conjunction with theories of ethnicity and otherness. This inquiry concludes that there is overwhelming evidence in support of the Christian connotation of the trolls in the Hrafnistumannasögur. This would seem to indicate that the method proposed in this essay for analysis of medieval Icelandic sources is indeed a fruitful one.

Arngrímur Vídalín
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands
Gimli, þriðju hæð
Sæmundargötu 10
IS-101 Reykjavík
avs1@hi.is